

TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK NÓVEMBER 2007

Sterkur vinnuréttur

Gissur Pétursson forstjóri
Vinnumálastofnunar

Nýtt skipulag RSK

Tíund í 20 ár

Ítalía
rík þjóð, fátækt ríki



Stórfyrirtæki



Umtalsverðar breytingar á skattframkvæmd eru á döfinni hérlandis. Fjármálaráðuneytið hefur kunnigert sem lið í einföldunaráætlun ráðuneytisins að komið verði á fót sérstakri stórfyrirtækjaeiningu, þar sem fram fari álagning, þjónusta og eftirlit með skilgreindum hópi stærri fyrirtækja. Er það raunar í samræmi við þróunina víða erlendis. Með þessari breytingu er stigið merkt skref að breyttri verkaskiptingu hjá skattyfirvöldum í samræmi við ný viðhorf.

Hin nýja stórfyrirtækjaeining mun hafa það að meginmarkmiði að auka þjónustu við stærstu fyrirtæki á Íslandi með því að gera þeim auðveldara að fá úrlausn tiltekinna álitamála og fá upplýsingar um túlkun laga og reglna hjá skattyfirvöldum. Þannig verður auðveldara að veita góða þjónustu og styrkja skattframkvæmdina með fyrirbyggjandi aðgerðum sem geta eytt vafatilvikum.

Hafa þarf í huga að stærstu fyrirtækin hérlandis starfa við mun flóknara og snarpara viðskipta-umhverfi en áður var, þar sem rekstur stórs hluta þeirra er í öðrum löndum og samskipti eru oftast og jafnvel einvörðungu yfir landamæri.

Öll skattframtöl og skýrslur fyrirtækja, sem fyrirfram hafa verið skilgreind s.s. með hliðsjón af stærð, að heyri undir sérstaka stórfyrirtækjaeiningu, munu þar fá samskonar yfirferð og endurskoðun. Þannig verður tryggð markviss þjónusta og skilvirkt eftirlit. Slíkt er nauðsynlegt vegna ákvæða skattalaga en einnig út frá öðrum viðhorfum svo sem samkeppnis-sjónarmiðum.

Sérhæfing eins og stefnt er að er af hinu góða og líkleg til að tryggja betur samræmda skattframkvæmd sem er eitt af meginmarkmiðum skattyfirvalda. Frá sjónarhóli framteljenda ætti þjónusta að vera sú sama óháð því hvar fyrirtæki eru skráð til heimilis eða hvar atvinnurekstur er stundaður. Augljóst er að með nútímataekni er auðveldara að byggja slíka þjónustu upp á einum og sama stað.

Á komandi árum munu íslensk skattyfirvöld starfa við breyttar aðstæður sem taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á íslensku samfélagi og eru í samræmi við alþjóðlega þróun. Reglulegt endurmat áherslna í störfum skattyfirvalda er sjálfsagt og eðlilegt. Með breyttum aðstæðum verða störfin árangursríkari og tryggja meira jafnræði á milli framteljenda.

Skúli Eggert Þórðarson

- 2** Leiðari
- 4** Sterkur vinnuréttur og vel skipulagður vinnumarkaður
Gissur Pétursson forstöðumaður Vinnumálastofnunar
- 8** Nýtt skipulag RSK
Skúli Eggert Þórðarson
- 11** Aftur til RSK
- 12** Tíund í 20 ár
Skúli Eggert Þórðarson
- 14** Leiga á erlendu vinnuafli - staðgreiðsla
Guðrún Jenný Jónsdóttir
- 17** Þjónustan og tengslin skemmtilegust
Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri á Siglufirði
- 18** Nýjar áherslur í Transfer Pricing
Aðalsteinn Hákonarson
- 21** Einkahlutafélög
Skúli Jónsson
- 22** Ítalía - rík þjóð, fátækt ríki
Sigrún Davíðsdóttir
- 26** Opinber gjöld lögaðila 2007
Páll Kolbeins
- 30** Handbækur og verklagsreglur
- 31** Starfshópar undirbúa bættu skattframkvæmd
- 32** Ný lög um skattlagningu kaupskipaútgerðar
Ingibjörg Helga Helgadóttir
- 35** Nýr tvísköttunarsamningur við Bandaríkin
- 36** Úrskurðir yfirséttarnefndar
Bjarni Amby Lárusson
- 38** Mikilvægast að varðveita tengslin
- 39** Dómur Evrópudómstólsins í máli OY AA

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI



Sterkur vinnuréttur og vel skipulagður vinnumarkaður

Viðtalið er að þessu sinni við Gissur Pétursson forstöðumann Vinnumálastofnunar, en sú stofnun hefur verið mikið í sviðsljósinu vegna gífurlegrar aukningar sem orðið hefur á erlendu vinnuafli hér á síðustu árum.

Viðtalið er á bls. 5.

Nýtt skipulag RSK

Skúli Eggert Þórðarson tók við embætti ríkisskattstjóra þann 1. janúar síðastliðinn.

Með nýjum mönnum fylgja oftast nýjar áherslur og á starfsmannafundi sem haldinn var á Grand Hótel þann 5. september sl. kynnti Skúli Eggert nýtt skipulag og fjallaði um áherslur og markmið embættisins.

Á bls. 8 má finna umfjöllun um nýtt skipulag RSK.



Ítalía - rík þjóð, fátækt ríki

Það eru alltaf einhverjir sem eru tregir til að borga skatta og það er ekki bara á Íslandi sem glíma þarf við það vandamál, það er víða pottur brotinn í þeim efnum.

Í þessari bráðskemmtilegu grein fjallar Sigrún Davíðsdóttir um hvernig skattamálum er háttað á Ítalíu, en þar í landi hyggjast menn leita nýrra leiða í baráttunni við skattsvikarana.

Grein Sigrúnar er á bls. 22.

TÍUND

Ríkisskattstjóri
Laugavegi 166 150 Reykjavík
sími 563 1100 fax 562 4440
rsk@rsk.is www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 3. TÖLUBLAÐ · 21. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 2400 EINTÖKUM

ÚTGEFANDI: RÍKISSKATTSTJÓRI

ÁBYRGÐARMAÐUR: SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR

PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR OG INGA HANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.FL.

HÖNNUN OG UMBROT: LOGI HALLDÓRSSON

PRENTUN: PRENTSMIÐJAN VIÐEY

FJÖLMÍÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

- Viðtalið -

Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar



Sterkur vinnuréttur og vel skipulagður vinnumarkaður

Vinnumálastofnun hefur verið mikið í sviðsljósinu upp á síðkastið, fyrst og fremst vegna mikillar aukningar á erlendu vinnuafli sem orðið hefur hér á landi á allra síðustu árum. Gissur Pétursson hefur gegnt starfi forstjóra stofnunarinnar frá því á árinu 1997, en hann er stjórnfræðingur frá Háskóla Íslands með MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hér fer á eftir viðtal við Gissur þar sem hann fjallar um stofnunina og hvernig verkefni hennar hafa þróast á þeim tíu árum sem hún hefur starfað.

Ég tók við sem forstöðumaður vinnuáskrifstofu félagsmálaráðuneytisins á miðju ári 1996, en hún var þá hluti af ráðuneytinu. Með lagabreytingum voru ýmis verkefni sameinuð og flutt til Vinnumálastofnunar þegar hún var sett á laggirnar árið 1997, eða fyrir réttum tíu árum. Þar á meðal voru atvinnuleysistryggingar sem áður höfðu heyrt undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Atvinnuleysisbætur eiga að virka sem öryggisnet, en það á þó ekki að vera betra en svo að það dragi ekki úr örvun og hvata til að sækja um starf. Þær voru ótekjutengdar allt þar til á síðasta ári, en þá voru greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur hér á landi í fyrsta skipti. Tekjutengingin virkar þannig að fyrstu þrjú mánuðina er réttur til hluta af fyrri launum, þó að hámarki 184.000 kr.

Í tímans rás hafa mörg önnur verkefni verið flutt til stofnunarinnar sem ekki var endilega hugsað fyrir á þeim tíma. Á síðasta ári tók Vinnumálastofnun t.d. við umsýslu fæðingarorlofs og var sett á fót sérstök skrifstofa til að sinna því verkefni. Greiðslur úr sjóðnum nema nú um átta milljörðum króna á ári og er fyrirsjáanlegt að á næsta ári nýti mun fleiri sér þennan rétt enda hefur vinnumarkaðurinn stækkað með aukinni atvinnuþátttöku útlendinga sem ávinna sér þessi réttindi á sama hátt og aðrir.

Útlendingamálin voru ekki fyrirferðarmikil þegar stofnunin var sett á laggirnar. Útgáfa atvinnuleyfa var þá verkefni starfsmanns í félagsmálaráðuneytinu. Flæði útlendinga var á þeim árum tímabundið og bundið við sérstakar atvinnugreinar; fiskvinnslu eða stórframkvæmdir. Frá

**Okkur Íslendingum er
tamt að takast á við
vandamálin þegar þau
koma upp en ég held að
þetta flæði hafi raunverulega
verið miklu meira en
nokkurn gat órað fyrir**

árinu 1998 hefur útgáfa atvinnuleyfa verið hjá Vinnumálastofnun. Það þótti æskilegra að hafa útgáfuna á lægra stjórnsýslustigi til að fyrir hendi væri kæruleið sem væri í takt við þróun í stjórnsýslunni. Á árinu 2002 fór aðeins að draga úr eftirspurn á vinnumarkaði og atvinnuleysi að aukast. Í beinu framhaldi af því gátum við lokað fyrir útgáfu atvinnuleyfa og haft þannig nokkra stjórn á flæði inn á vinnumarkaðinn. Það er ekki eins auðvelt núna þar sem allir af EES-svæðinu geta komið hingað og leitað sér að vinnu.

Aðstæður á vinnumarkaði, bæði innlendum og alþjóðlegum, hafa gjörbreyst. Okkur Íslendingum er tamt að takast á við vandamálin þegar þau koma upp en ég held að þetta flæði hafi raunverulega verið miklu meira en nokkurn gat órað fyrir.

Útlendingar á Íslandi eru nú á þriðja tug þúsunda, tuttugu og eitt tvö þúsund. Atvinnuþátttakan er mikil og við megum reikna með að af þessum fjölda séu 16-17 þúsund manns á atvinnumarkaði sem er um 10% vinnumarkaðar. Í Danmörku þar sem þessi mál hafa verið mikið til umræðu er hlutur útlendinga á vinnumarkaði um 5%. Atvinnuhlutfallið er mun hærra hér á landi en ekki má gleyma að við höfum ekki þurft að eiga við flæði flóttafólks í sama mæli og hin Norðurlöndin. Þar fer flóttafólkið oftast strax inn í velferðarkerfið og svo kannski síðar inn á vinnumarkaðinn. Hér er vinna í langflestum tilfellum til staðar fyrir útlendinga sem hingað koma. Það tel ég vera ástæðuna fyrir því að forðómar blossa ekki upp eins og þeir hafa gert í nágrennaríkjunum.

Við erum komin með metnaðarfulla löggjöf eftir að sett voru lög um erlenda starfsmenn síðastliðið vor. Með því er búið að styrkja lagaramma utan um flæðið inn á vinnumarkaðinn, bæði hefðbundna atvinnuleyfaferlið, gegnum starfsmannaleigur og gegnum útselda þjónustustarf-

semi. Jafnframt því voru sett skýr ákvæði um skráningar og upplýsingamiðlun. Segja má að skráningunni hafi ekki verið nægilega sinnt hingað til en það stafar eflaust oft af þekkingarleysi og ekki er óeðlilegt að stjórnvöld taki það aðeins til sín. Það verður að miðla breyttum aðstæðum og nýjum kröfum, en á einhverjum tímapunkti verður að leggja málefnalegt mat á að tryggj sé að allir eigi að vita um hvað málið snýst og ekki sé lengur hægt að bera fyrir sig vankunnáttu. Okkar hlutverk er ekki síst að fylgjast með að launagreiðendur borgi rétt laun. Frekar er ætlast til að stéttarfélagin upplýsi nýja félagsmenn um réttindi sín og það hafa þau reynt eftir fremsta megni. Það er að vissu leyti vandamálið að fólk, sérstaklega frá Austur-Evrópu, hefur oft brenglaða mynd af því hvað það er sem stéttarfélag standa fyrir og treysta þeim þar af leiðandi ekki. Þau voru hluti af valdakerfi og lögregluveldi fyrri tíma í þessum löndum og íslensku stéttarfélagin þurfa tíma til að ávinna sér traust þessara einstaklinga. Vissulega felst vandamálið einnig í að oft er þeim gert að

vinna fyrir launum sem eru undir lágmarkslaunum, bæði launamenn og launagreiðendur eru sammála um það. Það er ólöglegt hér á landi að borga lægri laun en samið er um í heildarkjarasamningum og við erum að glíma við fyrirtæki sem eru að borga ólögleg laun, hvort heldur það eru

stéttarfélag að gera sérstakan kjarasamning við hvert fyrirtæki á sínu félagssvæði.

Hér er mjög sterk þátttaka í stéttarfélagum, eflaust með því besta í heimi eða yfir 90%. Það er mjög gott og það er alveg skýrt hvaða samningsaðili kemur fram fyrir launafólk. Vinnumarkaðurinn er vel skipulagður að því leyti til og þess vegna er það auðvitað kappsmál fyrir okkur, hið opinbera og samfélagið, að halda þessu skipulagi. Það er slæmt til þess að hugsa að gerðar séu tilraunir til þess að brjóta það niður, en félagsleg undirboð eru auðvitað til þess fallin að brjóta niður gildandi fyrirkomulag. Þar grípum við inn í sem einhvers konar hagsmunaaðili þriðja aðila, sem er íslenskt launafólk, og göngum í málið til að tryggja að hér sé haldið skipulagi á vinnumarkaðinum. Við erum hluti af minnkandi

Fólk, sérstaklega frá Austur-Evrópu hefur oft brenglaða mynd af því hvað það er sem stéttarfélag standa fyrir og treysta þeim þar af leiðandi ekki

íslensk fyrirtæki, erlend, eða blanda af hvoru tveggja. Það er reyndar mjög sérstakt og að sama skapi sterkt fyrir íslenskan vinnumarkað að hafa eftirlit með þessum hætti. Svona fyrirkomulag er t.d. ekki við lýði í Svíþjóð og þeir hafa verið í miklum vandræðum. Þar verður hvert

heimi og ekki má gleyma því að þetta flæði vinnuafis er auðvitað í báðar áttir. Við teljum eðlilegt að við fáum að fara hvert um heim sem er, a.m.k. hér í Evrópu, og vinna þar sem okkur dettur í hug. Það hafa komið upp ýmis sjónarmið um þessa nýju löggjöf um starfsmannaleigur



Starfshópur sem í átta sæti fulltrúar þeirra stofnana sem hafa með höndum eftirlit með skráningu og skyldum útlendinga var skipaður af félagsmálaráðherra síðastliðið haust. Markmiðið með skipun starfshópsins var fyrst og fremst að efla samvinnu og samræma upplýsingar þeirra aðila innan stjórnsýslunnar sem hafa þessi mál með höndum. Þessi mynd var tekin þegar hópurinn fundaði í október sl.

Unnur Sverrisdóttir forstöðumaður
stjórnsýslusviðs Vinnumálastofnunar
og Baldur Aðalsteinsson verkefnastjóri
skráninga og útgáfu atvinnuleyfa.




og þjónustuviðskipti, sem var hluti af því að setta vinnumarkaðinn við stækkun Evrópusambandsins og hið frjálsa flæði. Nú höfum við tekið höndum saman við verkalyðshreyfinguna og erum nýbyrjuð með verkefnið „Allt í ljós“. Með því viljum við ná utan um skráninguna og fyrirtækin sem eru ekki að sinna henni og beinum við sjónum okkar sérstaklega að fyrirtækjum í byggingariðnaði.

Menn hafa ýmsar skoðanir á því hvernig átti að nýta aðlögunarfrestinn til fullnustu og ég var t.d. sjálfur tvístígandi yfir því. Með þessu var líka orðið við kröfu frá samtökum atvinnurekenda um að stytta umsóknarferlið, en það tók of langan tíma. Hjól atvinnulífsins þurftu að snúast miklu hraðar.


Ég tel að nú þurfi að koma reynsla á framkvæmd þessara nýju laga sem okkur er gert að vinna eftir, þ.e. laganna um starfsmannaleigur og erlenda starfsmenn, og laganna um skráningu. Þessar reglur um skráningarskyldu gilda að minnsta kosti til ársins 2009.

Ef menn taka höndum saman á að vera hægt að ná utan um þetta verkefni. Þar erum við líka að tala um samvinnu við aðrar lykilstofnanir s.s. útlendingastofnun, skattýfirvöld og lögregluna. Allar þær stofnanir sem helst koma að þessum málum þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum og endurskipuleggja aðferðafræði sína. Með því að taka höndum saman má án efa ná góðum árangri, betri þjónustu og virkara eftirliti.

Meðalatvinnuleysi 1998-2006



Fjöldi atvinnuleyfa og skráninga



Ástandið á íslenskum vinnumarkaði hefur breyst mjög mikið síðustu ár eins og þessi súlurit bera með sér. Atvinnuleysi hefur minnkað og að sama skapi hefur fjöldi útgefna atvinnuleyfa til útlendinga margfaldast á örfáum árum.

Nýtt skipulag

Undanfarna mánuði hefur farið fram athugun á verklagi og skipulagi embættis ríkisskattstjóra. Þróunarsvið var m.a. stofnað til þess að greina verkþætti hjá stofnuninni og gera verkferla ásamt því að kostnaðargreina ýmsa verkþætti. Jafnframt hafa áherslur embættisins verið endurmetnar þar sem sérstaklega hefur verið hugað að hinum faglega þætti með það fyrir augum að hann yrði styrktur með breyttu verklagi og nýju skipulagi. Niðurstaðan af þessum athugunum varð sú að unnt væri að ná meiri hagkvæmni í rekstri embættisins og um leið að styrkja faglega þætti með breyttu skipulagi.

Á starfsmannafundi sem haldinn var á Grand Hótel 5. september 2007 var nýtt skipulag RSK kynnt en það hafði verið staðfest af Fjármálaráðuneytinu 31. ágúst.

Í nýju skipulagi er störfum embættisins skipt í fjórar meginstöðir, skattasvið, stjórnsýslusvið, tækni- og áætlanasvið og fyrirtækjaskrá. Jafnframt er rekstur skrifstofu, starfsmanna-, fræðslu- og öryggismál, ársreikningamál og yfirlögfræðingur tilgreindur sérstaklega.

Megináherslur ríkisskattstjóra eru:

- samræmi í skattframkvæmd
- veita góða þjónustu
- skilvirk afgreiðsla stjórnsýsluerinda
- öruggt skráarhald
- skilvirkt skatteftirlit
- öruggur rekstur tölvukerfa
- hagkvæmni í rekstri
- fjárlög séu virt

Í nýju skipulagi er sviðum fækkað og verkefnum skipað með öðrum hætti. Þjón-

ustusvið, eftirlitssvið, þróunarsvið og réttarsvið voru lögð niður en í þeirra stað voru stofnuð ný svið, skattasvið, stjórnsýslusvið og tækni- og áætlanasvið. Ekki var ráðið í stöður forstöðumanna sem látið hafa af störfum en deildarstjórum fjölgað og þeir gerðir tillögulega sjálfstæðari. Með þessum hætti er meiri valddreifing, boðleiðir skýrari og ákvarðanataka skilvirkari.

Fagdeildir sem áður höfðu verið lagðar niður eru nú endurvaktar og í undirbúningi er að koma upp þjónustuveri til að betur sé unnt að sinna símaþjónustu. Tilfærslur voru nokkrar á ýmsum málaflokkum, svo sem alþjóðamálum og rekstri ársreikningaskrár. Engum starfsmanni var sagt upp vegna skipulagsbreytinganna en nokkrir starfsmenn voru færðir til vegna verkefnatilflutninga og eins í hagræðingarskyni.

Á stjórnsýslusviði eru lögfræðideild og úrskurðadeild og sómuleiðis verður alþjóðamálum sinnt þar. Lögfræðideild fer m.a. með túlkun réttarreglna, undirbýr gerð almennra skattmatsreglna og sér um að gefa bindandi álit. Úrskurðadeild annast m.a. afgreiðslu skatterinda, úrskurðar stjórnsýslukærur og endurákvarðar í málum frá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Verkefni er snúa að alþjóðamálum og erlendum samskiptum hafa verið færð í ríkara mæli yfir á stjórnsýslusvið.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri kynnti nýtt skipulag RSK.






Á fundinum 5. september sl.voru forsendur fyrir breyttu skipulagi raktar og starfsmenn hlýddu á.

Tækni- og áætlanasvið fer með mál er snúa m.a. að vélbúnaði fyrir skattkerfið og rekstri hugbúnaðarkerfa ásamt áætlana- og skipulagsmálum. Sviðið skiptist í upplýsingatæknideild, vélbúnaðardeild og

áætlanaeild en undir sviðið fellur einnig þjónustuver, sem ráðgert er að taki til starfa í byrjun árs 2008.

Upplýsingatæknideild sér um hugbúnaðarmál, m.a. rekstur hugbúnaðarkerfa

skattkerfisins, viðhald þeirra, endurnýjun og nýsköpun, þróun rafrænnar þjónustu og umsjón rafrænnar upplýsingamiðlunar og vefþjónustu, gerð og rekstur kerfa fyrir rafræn skattskil og aðra rafræna





Við skipulagsbreytingar hjá RSK hafa orðið nokkrar mannabreytingar. Grétar Þór Kristinsson og Karl Óskar Magnússon hafa verið ráðnir deildarstjórar í staðgreiðsludeild og álagningardeild og Ævar Ísberg í upplýsingatæknideild. Þeir hafa allir starfað hjá skattfyrirvöldum árum saman.

þjónustu og mótun stefnu í upplýsingatækni fyrir skattframkvæmd. Vélbúnaðardeild hefur umsjón með tölvukerfum embættisins, staðarneti og víðneti skattkerfisins, gerir áætlanir og semur um kaup á vélbúnaði fyrir skattkerfið.

Áætlanadeild gerir árlegar eftirlitsáætlanir, fer með samræmingu á skatteftirliti skattstjóra og hefur umsjón með gerð leiðbeininga og verklagsreglna fyrir skatteftir-

lit. Einnig fer áætlanadeild með þróunar- og skipulagsmál, þ.m.t. kostnaðargreiningu, árangursmælingar og stefnumótunarvinnu embættisins. Miklar vonir eru bundnar við þjónustuverið, sem mun taka til starfa á næsta ári. Því er ætlað að svara öllum fyrirspurnum er berast símleiðis auk þess að svara innkomnum tölvupósti og veita almenna ráðgjöf til skattaðila. Hluti verkefna ársreikningaskrár, móttaka,

skráning, skönnun og miðlun ársreikninga eru færð til fyrirtækjaskrár en þau verkefni falla vel að meginstarfsemi hennar, sem er að sjá um hlutafélagaskráningu og önnur mál sem snerta skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um atvinnustarfsemi til viðskiptalífsins og almennings.



Megináherslur ríkisskattstjóra eru:

- samræmi í skattframkvæmd
 - veita góða þjónustu
- skilvirk afgreiðsla stjórnýsluerinda
 - öruggt skráarhald
 - skilvirkt skatteftirlit
- öruggur rekstur tölvukerfa
 - hagkvæmni í rekstri
 - fjárlög séu virt

Aftur til RSK

Elín Alma Arthúrsdóttir hefur tekið við deildarstjórastöðu á skattasviði frá 1. október 2007. Elín Alma hefur til margra ára starfað að skattamálum frá ýmsum hliðum. Fyrst hjá skattstofunni í Vestmannaeyjum um nokkurra ára skeið, síðan hjá skattstofunni í Reykjavík í tvö ár eða þar til hún réðst til starfa hjá ríkisskattstjóra á árinu 1992. Árið 1996 tók hún sæti í yfirkattanefnd og er nú eftir tæplega tólf ára hlé komin aftur til starfa hjá ríkisskattstjóra.



Jón Guðmundsson hefur tekið við deildarstjórastöðu á skattasviði frá 1. október 2007. Jón hefur eins og Elín Alma starfað við skattamál um áratuga skeið, eða allt frá árinu 1971 þegar hann hóf störf hjá skattstofunni í Reykjavík. Hann færði sig yfir til ríkisskattstjóra árið 1978 og starfaði þar samfelld til ársins 1994 en síðustu árin hafði hann með höndum forstöðu virðisaukaskattskrifstofu. Það var svo á árinu 1994 að hann fór til fjármálaráðuneytisins og hefur starfað þar um 13 ára skeið. Hann hefur nú snúið aftur til ríkisskattstjóra og tekur upp sitt fyrra starf við að stýra virðisaukaskattsframkvæmdinni.

Esther Sigurðardóttir er ein af þeim sem nú hafa snúið aftur til starfa hjá ríkisskattstjóra. Esther kom fyrst til starfa hjá embættinu árið 1988 og starfaði þá sem upplýsingafulltrúi í staðgreiðsludeild, en það var fyrsta árið sem staðgreiðsla var tekin upp hér á landi. Eftir að hafa starfað í tíu ár hjá embættinu fór hún til starfa sem framkvæmdastjóri Umhyggju um tveggja ára skeið en eftir það starfaði hún fyrir Norrænu ráðherranefndina, m.a. sem verkefnastjóri Halló Norden á Íslandi. Nú hefur hún tekið við deildarstjórastarfi þjónustovers ríkisskattstjóra sem verið er að setja á fót.





Ahrif EES
 Samþingis
 & Væðing
 rsk.1s/Internationa
 VÍÐVITN - 2007/11 - 11. nóvember

skatturís
 Nýr þjónustuvefur
 skattstjóra
 Einfaldleiki og skýrar
 boðleiðir
 Styrkurinn felst í góðu
 starfsföki
 Meðgæmski skattalögfarinnar
 Gleðilegt sumar!

Hundráð prósent aukning
 í atvinnu- og atvinnu-
 hlutfæði
 Persónuleg tengsl mikilvæg
 Álagning gjalda 2007
 upplýsingagæmski milli hliðarhúða

Stærkur vinnuskiptur
 Nýtt skattlag 2007
 Íslenska
 Álagning gjalda 2007
 upplýsingagæmski milli hliðarhúða

Tíund í 20 ár

Tíund, fréttablað ríkisskattstjóra hefur komið út í rétt tuttugu ár en það var í ágústlok 1987 sem fyrsta tölublaðið kom úr prentun. Á þessum tíma stóð yfir undirbúningur að upptöku á staðgreiðslu opinberra gjalda.

Eins og gefur að skilja voru fyrstu tölublöðin helguð þeim miklu breytingum sem fyrirsjáanlegt var að staðgreiðslan hefði á starfsemi skattfirvalda og á innheimtu opinberra gjalda.

Með útgáfu blaðs vildi ríkisskattstjóri stuðla að aukinni upplýsingamiðlun á milli starfsmanna skattfirvalda og auk þess koma upplýsingum á framfæri við stofnanir, fyrirtæki og fjölmiðla. Undirbúningur að útgáfu blaðsins hafði verið frekar skammur en ákvörðun um að gefa út fréttablað ríkisskattstjóra var tekin snemma sumars 1987. Árið sem blaðið hóf göngu sína starfaði ritnefnd að útgáfu blaðsins en frá árinu 1988 til ársins 1992 ritstýrði Ríkarður Ríkarðsson blaðinu en hann hafði áður átt sæti í ritnefndinni. Hrefna Einarsdóttir hefur verið ritstjóri blaðsins frá árinu 1993.

Tíund hefur komið út með reglubundnum hætti síðustu ár, þrjú tölublöð á ári, 32 síður en hefur nú verið stækkað í 40 síður. Blaðið hefur á undanförmum árum fest sig í sessi sem upplýsinga-

rit um verkefni skattfirvalda á hverjum tíma og einnig sem fræðirit um skattaleg málefni. Sömuleiðis hafa verið birtar ýmsar tölulegar upplýsingar, fjallað um úrskurði og dóma sem gengið hafa í skattamálum og gerð grein fyrir þróun skattlagningar í ýmsum ríkjum.

Stefnt er að því að Tíund verði áfram vettvangur miðlunar fróðleiks og hagnýtra upplýsinga um skattamál og skyld efni. Af meðfylgjandi forsíðum af þeim tölublöðum Tíundar sem gefin hafa verið út, má glögg sjá að í 46 tölublöðunum sem út hafa komið hefur víða verið gripið niður varðandi menn og málefni. Blaðið mun með tímanum verða fjölskrúðug heimild um sögu skattlagningar á Íslandi.

SEP



Á myndinni eru Hrefna Einarsdóttir ritstjóri ásamt Loga Halldórssyni sem sér um hönnun og umbrot blaðsins.

Leiga á erlendu vinnuafli - staðgreiðsla

Þann 20. september síðastliðinn kvað Hæstiréttur Íslands upp þann dóm að áfrýjandi, útibú á Íslandi, væri ekki launagreiðandi starfsmanna sem komu hingað til lands á vegum starfsmannaleiga til starfa hjá útibúinu.



**GUÐRÚN JENNY
JÓNSDÓTTIR**

Forsaga þessa máls er sú að í ágúst 2003 ritaði ríkisskattstjóri ákvarðandi bréf um skattalega stöðu aðila þegar um væri að ræða leigu á erlendu vinnuafli. Í því bréfi kemur fram að skattskylda erlendu starfsmannanna sem hingað til lands koma byggist annað hvort á 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eða 1. tölul. 3. gr. sömu laga, - þ.e. þeir bera skattskylda hér á landi af þeim launum sem þeir fá fyrir vinnu sem innt er af hendi á Íslandi. Þá kemur enn fremur fram í bréfinu að meta þurfi í hverju og einu tilviki hver hafi stöðu launagreiðanda í skilningi laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Almenn meggi gera ráð fyrir því að hinn innlendi aðili hafi hana en það sé þó ekki algilt. Vísaði ríkisskattstjóri til ákvæða greinargerðar með frumvarpi er varð að lögum nr. 145/1995 þar sem mælt var fyrir um breytingar á 1. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 og kemur fram að skýra beri 3. og 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við ummæli í greinargerð.

Málavextir í dómi Hæstaréttar eru þeir að áfrýjandi stofnaði útibú hér á landi vegna

verktakastarfsemi sinnar við virkjunarframkvæmdir. Áfrýjandi leitaði til starfsmannaleiga í Portúgal og fékk starfsmenn þaðan til að starfa hér á landi við virkjunarframkvæmdirnar. Á grundvelli ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra og með vísan til tilheyrandi lagaákvæða endurákvæðaði skattstjórinn í Reykjavík skilaskylda staðgreiðslu og tryggingagjaldsstofn hjá útibú áfrýjanda á Íslandi vegna júlí- og ágústmánaða 2003 þar sem áfrýjandi hafði ekki staðið skil á staðgreiðslu skatta vegna starfsmanna sem fengnir voru frá starfsmannaleigunum. Úrskurður skattstjóra var kærður til yfirséttanefndar sem staðfesti úrskurð skattstjóra með þeim rökstuðningi að með hliðsjón af aðdraganda að þeim lagabreytingum og sjónarmiðum í lögskýringargögnum yrði að líta til almennra ákvæða tvísköttunarsamninga og viðtekinnar túlkunar þeirra á alþjóðlegum vettvangi með tilliti til útleigu á vinnuafli, m.a. samkvæmt því sem ráðið yrði af athugasemdum við samningsfyrirmynd OECD. Yfirséttanefnd tók fram að áfrýjandi bæri ábyrgð og áhættu af verkefni sínu hér á landi og færi með stjórnunar- og verkstjórnarvald yfir hinum útleigðu starfsmönnum og að þeir inntu störf sín af hendi á framkvæmdasvæði sem væri undir stjórn og ábyrgð áfrýjanda. Að auki tæki greiðsla áfrýjanda til starfsmannaleigufyrirtækjanna fyrst og fremst mið af vinnumagni og að allur kostnaður vegna ferða starfsmannanna væri greiddur af áfrýjanda. Síðast en ekki

síst hefði áfrýjandi tekist á hendur tiltekna ábyrgð á launagreiðslum til starfsmannanna. Að öllu þessu virtu yrði að fallast á það með skattstjóra að áfrýjandi væri launagreiðandi starfsmannanna í skattalegu tilliti og bæri að standa skil á staðgreiðslu vegna launa þeirra.

Að fengnum úrskurði yfirséttanefndar stefndi áfrýjandi íslenska ríkinu og krafðist ógildingar á úrskurði yfirséttanefndar. Í úrskurði héraðsdóms kemur fram að eðlilegt sé að lagður sé sami skilningur í hugtakið launagreiðandi og lagður er í hugtakið vinnuveitandi í 2. mgr. 15. gr. tvísköttunarsamnings Íslands og Portúgals. Þá kemur einnig fram að skattyfirvöld hafi heimildir til að meta hver sé raunverulegur launagreiðandi í skattalegum skilningi. Að öllum gögnum málsins virtum taldi héraðsdómur ekki ástæðu til að hnekkja mati yfirséttanefndar, en fullnægjandi gögn til að meta hver væri raunverulegur launagreiðandi í skattalegu tilliti voru lögð fyrir nefndina.

Útibú áfrýjandi héraðsdóminum til Hæstaréttar sem eins og fyrr segir kvað upp dóm sinn þann 20. september síðastliðinn.

Fyrir Hæstarétti krafðist áfrýjandi aðallega þess að úrskurður skattstjóra yrði felldur úr gildi sem og úrskurður yfirséttanefndar en til vara að niðurstaða framangreindra úrskurða þess efnis að honum bæri að standa skil á staðgreiðslu vegna launa portúgalskra starfsmanna starfsmannaleiga yrði felld úr gildi. Byggði áfrýjandi á því að formlegir ágallar hefðu verið á meðferð málsins hjá skattyfirvöldum (skattstjóra og yfirséttanefnd). Meðal annars hefði skattstjóran í Reykjavík brostið vald til að fara með málið þar sem málefni útibús áfrýjanda heyrðu undir skattstjóra Austurlandsumdæmis. Þá hefði

sami starfsmaður skattstjóra sent fyrirspurnarbréf, boðunarbréf og að lokum úrskurðað í málinu – starfsmaðurinn hefði verið vanhæfur að úrskurða í málinu vegna fyrri afskipta sinna af því. Þá hélt áfrýjandi því fram að úrskurður yfirs kattanevndar væri ógildur þar sem honum hefði ekki gefist nægilegt svigrúm til að tjá sig um samkomulag sitt og Alþýðusambands Íslands frá því í október 2003. Málsástæðu er á því samkomulagi byggir hafi ríkisskattstjóri ekki haldið fram fyrir yfirs kattanevnd en engu að síður hafi úrskurður yfirs kattanevndar meðal annars verið reistur á ákvæðum í þessu samkomulagi.

Hæstiréttur hafnar því að formlegir ágallar séu á úrskurði skattstjóra og úrskurði yfirs kattanevndar. Vísar dómurinn til þess að útibú áfrýjanda er skráð í Reykjavík og að skattleggja beri það í umdæmi skattstjórans í Reykjavík. Skýra verði ákvæði 3. mgr. 89. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 með hliðsjón af ákvæðum VII. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, sem og 2. gr. og 2. mgr. 89. gr. laga um tekjuskatt. Þá kemur fram í dómi Hæstaréttar að vanhæfisástæður a. til g. liða 5. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, hafi

ekki átt við um starfsmann skattstjóra og að ekki hafi verið fyrir hendi önnur atvik eða aðstæður sem væru fallnar til þess að draga í efa óhlutdrægni hans. Hæstiréttur vísar því enn fremur á bug að áfrýjanda hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig nægjanlega um samkomulag við Alþýðusambandið þar sem hann hafi sjálfur verið aðili að umræddu samkomulagi og væri því fullkunnugt um efni þess.

Varakröfu sína byggði áfrýjandi á því í fyrsta lagi að þeir starfsmenn sem dvelja hér á landi skemur en 183 daga á 12 mánaða tímabili séu ekki skattskyldir hér samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamnings milli Íslands og Portúgals. Í öðru lagi sé það viðkomandi starfsmannaleiga sem sé launagreiðandi starfsmannanna samkvæmt 3. og 7. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og í þriðja lagi felur krafa um að áfrýjandi skili staðgreiðslu af launum umræddra starfsmanna í sér brot á jafnræðisreglu.

Hæstiréttur vísar til þess að samkvæmt 2. mgr. 15. gr. tvísköttunarsamnings milli Íslands og Portúgals skuli eingöngu skattleggja vinnulaun í heimilisfestarríki séu þrjú skilyrði uppfyllt;

- viðtakandinn dvelji ekki lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili í vinnuríkinu,
- endurgjaldið sé greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í vinnuríkinu,
- endurgjaldið sé ekki gjaldfært hjá fastri starfsstöð sem vinnuveitandinn hefur í vinnuríkinu.

Þá kemur fram í dóminum að líta eigi til athugasemda með samningsfyrirmynd OECD þar sem fram kemur að 2. mgr. 15. gr. beri að túlka þannig að vinnuveitandi í þessu sambandi sé sá sem á rétt til þess verks sem til verður við vinnuna og beri á því ábyrgð og áhættu. Þegar um sé að ræða alþjóðlega útleigu á vinnuafli séu þessar heimildir almennt hjá þeim sem unnið er fyrir, þó verði að kanna þetta í sérhverju tilfalli. Þá segir í dómi Hæstaréttar að hlutverk, réttindi og skyldur vinnuveitanda séu margþætt og þegar um sé að ræða útleigu á vinnuafli skiptist þau milli fleiri aðila. Þá kemur einnig fram hjá Hæstarétti að öll þau atriði sem nefnd eru í athugasemdum með samningsfyrirmynd OECD og skipta máli við ákvörðun þess hver teljist vinnuveitandi í merkingu 2.



mgr. 15. gr. samningsfyrirmyndarinnar, séu í höndum áfrýjanda. Samkvæmt þessu væru portúgölsku starfsmennirnir skattskyldir hér á landi sbr. 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Hæstiréttur vísar til þess að lög um staðgreiðslu opinberra gjalda leggi margvíslegar skyldur á launagreiðanda eða þann sem annist milligöngu á launagreiðslum og sé það hugtak þrengra en hugtakið vinnuveitandi og ekki eins margþætt. Við úrlausn á því álítaefni hver teljist launagreiðandi hinna portúgölsku starfsmanna verði því að líta til samninga milli útibúsins og starfsmannaleiganna. Samkvæmt þeim samningum annast starfsmannaleigurnar launagreiðslur til hinna útleigðu starfsmanna og lýtur milliganga áfrýjanda eingöngu að því að leggja til nauðsynlegar upplýsingar til útreiknings launanna en ljær ekki atbeina sinn að útborgun þeirra. Ennfremur kemur fram í

dómi Hæstaréttar að í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 145/1995 hafi verið að finna ráðagerð um að notandi þjónustunnar, leigutakinn, skuli teljast launagreiðandi með öllum þeim skyldum sem það hefur í för með sér. Þessari ráðagerð hafi hins vegar ekki verið fylgt eftir með tilheyrandi breytingum á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Orðrétt segir svo í dómi Hæstaréttar: „Geta þessi ummæli í greinargerð með frumvarpi til breytinga á öðrum lögum en þeim sem gilda um staðgreiðslu opinberra gjalda ekki verið viðhlítandi grundvöllur til að leggja á notendur þjónustu starfsmannaleiga skyldu til staðgreiðsluskila af launum útleigðra starfsmanna. Til þess þarf skýra heimild í lögum. Samkvæmt framansögðu eru það hinar portúgölsku starfsmannaleigur en ekki áfrýjandi sem almennt teljast launagreiðendur hinna útleigðu portúgölsku starfsmanna, sbr. 7.

gr. laga nr. 45/1987. Áfrýjanda bar því almennt ekki skylda til að standa skil á staðgreiðslu vegna launa þessarar starfsmanna.“

Að síðustu ber að geta þess að Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að áfrýjanda beri þó að standa skil á staðgreiðslu af þeim hluta launa starfsmannanna sem áfrýjandi greiddi beint til starfsmannanna á grundvelli samkomulags við Alþýðusamband Íslands í október 2003.

Að fenginni niðurstöðu Hæstaréttar er ljóst að ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra frá því í ágúst 2003 hefur takmarkað gildi. Skattyfirvöld verða, að óbreyttum lögum, að kanna hvaða aðili það er sem raunverulega innir launagreiðslur af hendi til þeirra starfsmanna sem starfa á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli og leggja staðgreiðsluskyldu á þann aðila.



Nýskipaður skattstjóri á Siglufirði

Hanna Björnsdóttir hefur verið skipuð til að gegna embætti skattstjóra Norðurlands-umdæmis vestra á Siglufirði.

Hún tekur við af Boga Sigurbjörnssyni þegar hann lætur af störfum þann 1. desember næstkomandi.

Hanna hefur starfað á skattstofunni á Siglufirði frá árinu 1992, en með hléum þó. Hún er viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri og útskrifaðist 2006.



Þjónustan og tengslin skemmtilegust

Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri á Siglufirði lætur af störfum

Bogi Sigurbjörnsson hefur gegnt starfi skattstjóra á Siglufirði síðustu tuttugu og sjö ár. Hann lætur af störfum fyrir aldurs sakir þann 1. desember nk. Í tilefni af fyrirhuguðum starfslokum átti undirrituð nýlega örstutt spjall við Boga.

„Ég byrjaði að starfa hjá skattstofunni 1. janúar 1966 og er því búinn að starfa þar í 41 ár. Skattstjórastarfið hefur alla tíð verið mjög skemmtilegt, sérstaklega nú seinni árin eftir tæknibyltinguna svokölluðu. Þar á ég aðallega við staðgreiðsluna og virðisaukaskattinn og svo auðvitað netframtalið. Það hefur verið ómetanlegt að fá að taka þátt í þessu öllu. Enn sjáum við fram á miklar framfarir í skattskilum og nefni ég þar þætti eins og framtalslaus skil.

Það má svo sannarlega segja að maður muni tímana tvenna í þessu starfi. Það var engin tölva á skattstofunni þegar ég tók við sem skattstjóri, en fyrsta tölvan kom hingað árið 1983. Hún var notuð til að skrá framtölin en á þeim tíma þurfti að senda diskana suður og upplýsingarnar voru lesnar inn hjá Skýrr. Frá þeim tíma þróuðust hlutirnir ört. Það má líka segja að upp frá þessu hafi vinnubrögð breyst mikið og þó þetta hafi vissulega alla tíð verið annasamt starf þá hefur vinnuálagið minnkað, enda mikill vinnusparnaður sem felst í nútíma tækni. Samskipti og samvinna á milli ríkisskattstjóra og skattstjóranna hefur líka aukist mikið, ekki síst fyrir tilstilli skattstjórufundanna sem nú eru haldnir reglulega.“

Aðspurður um það hvað honum þætti skemmtilegasti þáttur starfsins sagði Bogi

að það væri þjónustan og tengslin við skattborgarana. Hann hefði lagt sig fram við að hafa góð tengsl og leitast við að gefa skýr og ákveðin svör þegar til hans væri leitað. Hann hafi alla tíð fundið að fólk kann vel að meta góða þjónustu, þótt óhjákvæmilega hafi komið upp tilvik þar sem einhverjir hafi ekki verið alveg sáttir.

Bogi segist koma til með að hafa nóg að gera þegar hann lætur af störfum. Hann hefur lengi horft hýru auga til golfþróttarinnar og ætlar að sinna henni af alvöru þegar tími gefst til. Þá hefur Bogi verið mikill bridgespilari í gegnum tíðina og ætlar í framtíðinni að sinna þessum áhugamálaum ásamt mörgum fleirum sem of langt væri að telja hér.

HE

Nýjar áherslur í Transfer Pricing

*Nokkrir punktar frá samnorrænni námstefnu sem
ríkisskattstjóri stóð fyrir í september 2007*

Samnorræn námstefna um Transfer Pricing (TP), sú fimmta í röðinni, var haldin á Íslandi dagana 17. til 19. september 2007. Yfirskrift námstefnunnar var Business Restructuring (BR). Það voru skattyfirvöld á Norðurlöndunum sem stóðu að námstefnunni sem var ætluð sérhæfðu starfsfólki þeirra á sviði alþjóðlegrar skattlagningar. Ríkisskattstjóri skipulagði námstefnuna og sáu Aðalsteinn Hákonarson ásamt Lúðvíki Lúðvíkssyni og Ósk Elísdóttur um allan undirbúning og framkvæmd. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri setti námstefnuna en Aðalsteinn Hákonarson var námstefnustjóri. Erindi og kynningar á eftirlitsmálum voru flutt af fólki úr hópi þátttakenda en einnig flutti fulltrúi skattasviðs KPMG á Íslandi erindi um verðlagningu á óefnislegum eignum sem fjölbjóðlegar fyrirtækjasamstæður flytja yfir landamæri. Þátttakendur voru samtals 50 eða 10 frá hverju Norðurlandanna utan Íslands og Færeyja sem samanlagt voru með 10 þátttakendur.

Hugtakið TP hefur oftast verið þýtt sem milliverðlagning í samhenginu viðskipti á milli tengdra aðila. Á Norðurlöndunum hefur um nokkurra ára skeið starfað vinnuhópur á vegum skattyfirvalda sem hefur haft það hlutverk að þróa aðferðir við eftirlit með viðskiptum á milli tengdra aðila yfir landamæri. Segja má að námstefnan hafi haft þann tilgang að miðla upplýsingum um nýjar aðferðir og áherslur við skatteftirlit sem tengjast þannig viðskiptum. Þannig hefur hugtakið BR orðið sérstakur áhersluþáttur innan TP. Flestir tala um fjárhagslega endurskipulagningu þegar hugtakið BR ber á góma. Samt eru ekki allir sammála því hvernig beri að skilgreina BR.

Danskur sérfræðingur sem flutti framsögu á námstefnunni sagði að í BR fælist það þegar alþjóðleg fyrirtækjasamstæða flytti rekstrarlega starfsþætti, eignir og/eða áhættu yfir landamæri frá einu fyrirtæki til annars innan samstæðunnar. Dæmigert væri t.d. þegar fullbúið fyrirtæki væri stríp að „stripping“ með því að flytja kjarnastarfseminna annað, sérhæfðar einingar væru fluttar til innan samstæðunnar, búin væru til miðstýrð fyrirtæki fyrir t.d. eftirlits-

einingar, stjórnun, dreifingu, rannsóknir og þróun og sér í lagi væri áberandi flutningur á margs konar óefnislegum eignum yfir landamæri. Yfirleitt hefði svona flutningur ekki í för með sér neinar breytingar á afurðum fyrirtækjasamstæðunnar og viðskiptavinirnir væru áfram þeir sömu. Aftur á móti væri ljóst að við svona flutning myndu tekjur skiptast öðruvísi innan samstæðunnar og þar með yrðu breytingar á skatttekjum þeirra ríkja sem hlut ættu að máli. Fulltrúi Danmerkur kannaðist ekki við að hafa heyrt dæmi þess að skatttekjur ríkja, þar sem skatthlutfall væri hátt, hefðu aukist við svona tilfærslur. Hann taldi enn fremur að alþjóðlegum samstæðum láðist oft að líta á markaði sem ríki eða lönd, öfugt við það sem skattyfirvöld gerðu, og því kæmi upp ágreiningur á milli þessarra aðila. Í sjálfu sér væri ekkert athugasvert við að starfsemi væri samhæfð eða endurskipulögð með flutningi eins og hér hefur verið lýst. Það sem máli skipti væri að starfsemin, eignirnar eða áhættan sem flutt væri til innan samstæðunnar væru verðlögð með eðlilegum hætti.

Íslensku þátttakendurnir á námstefnunni voru þau Lúðvík Lúðvíksson ríkisskattstjóra, Hilmar Hilmarsson skattstjóranum í Reykjavík, Jón Ásgeir Tryggvason skattstjóranum í Hafnarfirði, Sæmundur Grétarsson og Þorsteinn Haraldsson skatransóknarstjóra ríkisins, Aðalsteinn Hákonarson ríkisskattstjóra, Ragnheiður Snorradóttir og Ingibjörg Helga Helgadóttir fjármálaráðuneytinu og Ósk Elísdóttir ríkisskattstjóra.





Pegar skattifyrvöld leggja mat á hvort verðlagning hafi verið eðlileg í verkefnum af þessum toga reyna þau í fyrsta lagi að skilgreina hvaða rekstrarstarfsemi, eignir og áhætta mynda afurðirnar sem seldar eru endanlegum viðskiptavinum og jafnframt heildarhagnað samstæðunnar. Í öðru lagi reyna þau að leita sér upplýsinga um það hvar starfsþáttum, eignum og áhættu var fyrir komið innan fyrirtækja í samstæðunni áður en BR átti sér stað og hvernig tekjunum var skipt á milli þeirra. Þriðja nálgunin er svo að kanna hvort flutningur á óefnislegum eignum hafi átt sér stað og leggja mat á verðmæti þeirra. Óefnislegar eignir eru oft á tíðum ekki opinberlega skráðar eignir eins og t.d. viðskiptavild, know-how, efnaformúlur o.fl., og því er flutningur á slíkum eignum ekki alltaf augljós. Loks er svo í fjórða lagi leitast við að leggja mat á hvernig rekstrarstarfsemi, eignum og áhættu er skipað innan fyrirtækja í samstæðunni eftir BR og hvernig tekjunum er skipt á milli þeirra. Með hliðsjón af OECD Transfer Pricing Guidelines for Multinational Enterprises and Tax Administrations er síðan metið hvort ráð-

stafanirnar hafi verið verðlagðar með eðlilegum hætti eða hvort verðlagningin og tekjuskiptingin teljist óeðlileg og hafi þannig átt sér stað innan armslengdar. Einhver kynni að spyrja hvort það sé ómaksins vert að skattifyrvöld séu að skoða ráðstafanir sem flokkast undir BR. Á námstefnunni kom fram að sú reynsla er fengin á hinum Norðurlöndunum að BR tilflutningar yfir landamæri innan fyrirtækjasamstæðu rekast yfirleitt á grundvallarreglur TP. Oftast er um háar fjárhæðir að ræða og flutningur á starfsþætti eða óefnislegri eign frá einu fyrirtæki til annars í samstæðunni kallar á endurskoðun á tekjugrunni fyrirtækisins sem er strípað. Flutningur á óefnislegum eignum á milli landa er auk þess auðveldur þar sem hann er ekki sýnilegur og vekur því upp spurninguna um eðlilegt söluverð fyrir eignina til skattlagningar eða eðlilega leigu eða þóknun í sama tilgangi. Sama er að segja ef áhætta, sem einnig er að jafnaði ekki áþreifanleg eða sýnileg, er flutt á milli fyrirtækja. Áhættan getur verið í mörgum myndum, t.d. tengd framleiðslu, fjármögnun, markaði, ábyrgðum o.fl. og hún

getur bæði flust með eignum eða ein og sér. Dæmi um það er ef samstæða færir hluta af framleiðslu til annars ríkis án þess að áhætta af framleiðslu eða birgðahaldi fylgi með, sala fer fram í öðru ríki án þess að áhætta vegna samkeppni eða áhætta vegna útlánataps fylgi með o.s.frv. Með hliðsjón af þessu telja skattifyrvöld á Norðurlöndunum að BR mál geti verið með mikilvægari málum á sviði TP og skatteftirlits.

Fram kom á námstefnunni að nokkur skattamál sem tengjast TP vegna BR eru nú fyrir dómstólum á Norðurlöndunum. Þau eru ýmist kennd við „stripping“, „commissionaires“, „toll manufacturing“ eða „contract manufacturing“, þ.e. fyrirtæki sem hafa verið búin til utan um tiltekna starfsþætti, eða fasta starfsstöð (permanent establishment). Í þeim málum hefur helst reynt á skattifyrvöld að sýna fram á að viðskipti hafi átt sér stað innan armslengdar, m.ö.o. að í skjóli tengslanna hafi viðskipti milli fyrirtækja í samstæðunni ekki farið fram eins og gerst hefði milli óskyldra aðila og því hafi skattalög verið brotin. Mikið reynir á sam-

anburðargreiningar þegar verið er að leggja mat á BR hjá fjölþjóðasamtæðum og hefur gagnagrunnurinn AMADEUS, sem hefur að geyma fjárhagsupplýsingar og margs konar aðrar upplýsingar um fjölmörg fyrirtæki í Evrópu, mikið verið notaður í því sambandi. Grunnurinn er samt sá að til staðar séu í löggjöfinni skýrar armlengdarreglur sem heimila að leiðbeiningum OECD sé beitt komi til endurákvörðunar á skattstofnum og kröfur um að fjölþjóðleg fyrirtæki skrái hjá sér viðskipti innan samstæðunnar með tiltekn-

um hætti. Þannig skráningarreglur, documentationsregler, eru nú til staðar á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi og í Færeyjum.

Íslensk skattfyrvöld hafa að undanförmu verið að setja sig inn í hvernig TP málum sem tengjast alþjóðlegum samtæðum er komið fyrir í löggjöf og framkvæmd á hinum Norðurlöndunum. Þess er að vænta að á næstu misserum verði þau færð til svipaðs horfs og t.d. í Noregi þar sem samspil atvinnulífsins og skattfyrrvalda á þessu sviði virðist hafa tekist

einna best. Full ástæða er til þess að hvetja íslensk útrásarfyrirtæki til að huga vel að þessum málum og jafnvel tileinka sér skráningarreglur fyrr en síðar af því tagi sem þekkest á hinum Norðurlöndunum. Það er ekki bara að stefnt sé að því að taka þessi mál fastari tökum hér á landi í framtíðinni, heldur getur það líka reynst áhættusamt og kostað umfangsmikinn málarekstur í öðrum löndum ef skráningarreglum er ekki framfylgt innan samtæðu.

Aðalsteinn Hákonarson

Molar Molar Molar Molar Molar Molar



Tekur sæti í yfirskattanefnd

Fjármálaráðherra hefur skipað Ragnheiði Snorradóttur til að gegna starfi nefndarmanns í yfirskattanefnd, en hún tekur þar við sæti Elínar Ölmur Arthúrsdóttur sem komin er til starfa hjá ríkisskattstjóra.

Ragnheiður lauk kandidatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og meistaraprófi í skattarétti við Copenhagen Business School síðastliðið vor. Hún hefur starfað hjá fjármálaráðuneytinu frá árinu 1994.

Lagasamfellur

Vinna við endurútgáfu á lagasamfellum er í fullum gangi hjá RSK. Ný samfella á lögum um tekjuskatt fer á næstunni í prentun en nú eru fjögur ár liðin frá síðustu útgáfu. Sömu leiðis er í undirbúningi ný útgáfa af lagasamfellu um virðisaukaskatt en það verk er skemmra á veg komið.



Endurreikningur tryggingastofnunar

Mikil fjöldi bótaþega hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur fengið endurreikning aftur í tímann vegna ofgreiddra bóta. Þetta þýðir jafnframt að bótaþegar, sem eru krafni um endurgreiðslu, fá leiðréttingu á ofgreiddri staðgreiðslu til samræmis við leiðréttingu á bótum. Hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra hafa mjög mörg mál komið til endurákvörðunar af þessum ástæðum. Nú er stefnt að því með samvinnu við tryggingastofnun að hægt verði að ganga frá þessum leiðréttingum fyrir álagningu þannig að ekki þurfi að koma til endurákvæðana skatta eftirá af þessum ástæðum.

Nýr vefur RSK í smíðum

Vefur ríkisskattstjóra hefur að undanförmu verið í endurskoðun. Miklar upplýsingar eru til staðar á vef RSK og hafa aukist stöðugt á undanförmum árum. Því var endurskoðuninni hrint af stað en meginilgangur breytinganna er að gera vefinn aðgengilegri og notendavænni. Vefstjóri RSK, Magnús Örn Gylfason, stjórnar verkinu en Logi Halldórsson grafískur hönnuður RSK hefur hannað útlit vefsins.

Starfsfræðsla ríkisskattstjóra

Skattafræðsla RSK sendir árlega námskrá þar sem kynnt eru námskeið vetrarins. Námskrá vetrarsins 2007-2008 hefur verið send út og hafa allir skattstjórar og aðrar stofnanir skattfyrrvalda fengið hana senda. Gert er ráð fyrir 8 dagsnámskeiðum samkvæmt námskránni, og þar af eru sex haldin fyrir árslok 2007. Þessi námskeið fjalla öll um faglegan hluta skattframkvæmdarinnar. Fyrstu námskeiðin verða um alþjóðlega skattlagningu, um tvísköttunarsamninga og takmarkaða skattskyldu.

Einkahlutafélög

- algengasta rekstrarformið

Einkahlutafélög eru algengasta rekstrarformið hjá þeim sem stunda atvinnurekstur á Íslandi. Nú eru liðlega 28.000 einkahlutafélög skráð í fyrirtækjaskrá RSK, um 900 hlutafélög og tæplega 50 samvinnufélög og álíka margar sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri. Skráning sameignarfélaga og einstaklingsrekstrar er hins vegar hjá sýslumönnum og verður ekki fjallað um þau rekstrarform hér.

Undanfarin ár hefur verið stöðug aukning í skráningu nýrra einkahlutafélaga. Árið 2004 voru skráð 2.510 félög, árið 2005 voru félögin 2.942 og á síðasta ári voru skráð 3.188 ný einkahlutafélög. Á þessu ári hefur enn orðið aukning. Fyrstu 10 mánuði ársins hafa 3.158 ný félög verið skráð og eru það 468 fleiri félög en á sama tíma árið á undan. Það stefnir því í enn eitt metárið í skráningu nýrra einkahlutafélaga.

Frá og með árinu 2004 hafa verið skráð um 11.800 ný einkahlutafélög eða ríflega þriðjungur þeirra félaga sem nú eru á skrá. Allmikið hefur verið um að einstaklingar færi rekstur sinn undir einkahlutafélagsformið enda hefur löggjafinn hagað skattalögum á þann veg að mjög hefur ýtt undir þessa þróun. Þá hefur færst í vöxt að stofnuð séu sérstök félög um eignarhald á fasteignum og/eða verðbréfum og þannig skilið á milli grunnreksturs fyrirtækis og þessarra þátta.

Viðskiptalífínu ber ekki einungis að tilkynna um stofnun nýrra félaga til fyrirtækjaskrár RSK heldur þarf einnig að tilkynna um breytingar sem verða á skráningarskyldum atriðum hjá skráðum félögum. Þar getur verið um að ræða tilkynningar um breytingar á stjórn, framkvæmdastjórn, prókúruhöfum, endur-

skoðendum, hlutafé eða öðru í samþykktum félaga. Af sjálfu sér leiðir að tilkynningum af þessum toga fjölgar eftir því sem skráin stækkar. Á síðasta ári voru sendar inn ríflega 6.200 tilkynningar en á fyrstu 10 mánuðum þessa árs bárust 6.360 tilkynningar. Voru það 1.360 fleiri tilkynningar en á sama tíma í fyrra.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að hraðinn í viðskiptalífínu vex sífellt. Því er afar mikilvægt að ekki dragist að skrá þær breytingar sem tilkynnt er um. Upplýsingar úr fyrirtækjaskrá eru í auknum mæli notaðar til að tryggja örugg og heilbrigð viðskipti. Viðskiptalífið á að geta treyst því að skráin endurspegli raunveru-

lega stöðu fyrirtækjanna í landinu á hverjum tíma.

Þrátt fyrir gríðarlega aukningu á innsendum tilkynningum til fyrirtækjaskrár hefur tekist að halda skráningu í viðunandi horfi og nú líða einungis 3-4 dagar frá því tilkynning berst þar til hún er skráð. Álag á starfsmenn fyrirtækjaskrár RSK hefur aukist jafnt og þétt og má lítið út af bera svo skráningartími lengist. Engu að síður leggja starfsmenn metnað sinn í að veita viðskiptalífínu sem besta þjónustu og er sífellt leitað leiða til að gera hana öruggari og skilvirkari.

Skúli Jónsson



Skúli Jónsson forstöðumaður fyrirtækjaskrár ásamt Sigríði Lúðvíksdóttur deildarstjóra skráningardeildar.

Ítalía

rík þjóð, fátaekt ríki

Romano Prodi forsætisráðherra Ítala hefur hvað eftir annað höfðað til samvisku Ítala um að telja nú rétt fram. Eru Ítalir tregari að telja fram en aðrar þjóðir? Sigrún Davíðsdóttir heimsækir Ítalíu reglulega og segir hér frá skattamálum á Ítalíu.



„Að borga minna en að allir borgi!“ er slagorð sem heyrst oft í ítalskri stjórn-málaumræðu þessi misserin - og það eru skattarnir sem á að borga minna af. Hugmyndin er að ef allir borgi skatt geti allir borgað minna. Í samræðum manna á meðal kvarta Ítalir ákaft undan skattbyrðinni. Það er ekki til sá ítalskur stjórn-mála-maður sem viðurkennir ekki að þjóðin sé of skattþínd og Tommaso Padoa-Schioppa fjármálaráðherra tekur í sama streng.

Vandinn er að skattbyrðin lendir með mjög misjöfnum þunga á fólki. Nýjar rannsóknir ítalska ríkisskattstjóraembættisins, Agenzia delle entrate, sýna að skattsvik nema 270 milljörðum evra – og það samsvarar um fimmtungi þjóðarframleiðslunnar. Ályktunin sem dregin er af þessu er að þeir sem borgi skatta séu að borga 50 prósent hærra en ella til að borga fyrir skuggabaldrana sem skjóta sér undan.

Það þarf heldur ekki að ræða skattamál lengi við Ítali áður en reiði og gremja yfir þessum aðstæðum brýst fram. Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofnunarinnar Eures telja átta af hverjum tíu Ítölum að réttlátari skattheimta sé brýnasta viðfangsefni stjórnmalanna. Romano Prodi forsætisráðherra hefur gert réttlátari og skilvirkari skattheimtu að sínu hjartans máli og segir harðari aðgerðir skattfirvalda

þegar hafa skilað þjóðarþúinu átta milljörðum evra. Það eru þó ýmsar hindranir í vegi Prodi og kannski er sú stærsta að Ítalir eru almennt ekki sérlega trúaðir á ríkisvaldið, eru tregir til að trúa því fyrir tekjum sínum og finnst að þeir fái lítið til baka í opinberri þjónustu.

Glímt við andlega ættingja Jóakims aðalandar

Strax og Prodi forsætisráðherra og vinstri-miðstjórn hans kom til valda eftir nauman kosningasigur 2006 var lofað aðgerðum í skattamálum og nýjum aðferðum til að herja á skattsvikarana. Af fréttum ítalskra fjölmiðla undanfarin misseri má marka að sitthvað er aðhafst á þeim bæ. Við fyrstu sýn er eins og fréttirnar snúist um skattheimtu í Andabæ. Á Ítalíu eru ríkir en skattnískir borgarar gjarnan kenndir við Jóakim aðalönd sem er heimsfrægur fyrir auð og nirfilshátt. Í fréttum um þessi mál er því gjarnan sagt að skatturinn sé á eftir Jóakimum aðalöndum.

Stórmál sumarsins sem dró ærlega athyglina að skattheimtu og opinberum afrekum á því sviði var frétt í byrjun ágúst um að kappakstursmaðurinn Valentino Rossi hefði verið krafinn um 112 milljónir evra. Þar var um að ræða kröfur fyrir árin 2000-2004 þar sem Rossi hafði ekki talið rétt fram, sektir fyrir það athæfi og vextir af vangreiddum skatti. Þar sem Rossi hefur getið sér mikla frægð fyrir afrek á kappakstursbrautinni vakti málið ofurathygli.

Kappakstursgoðinu fannst ómaklega að sér vegið. Eftir að hafa fyrst sagt að hann hefði um annað að hugsa en skattamál sín sagði hann kröfuna misskilning því hann byggði í London, væri skattlagð-

ur þar sem íbúi með fast aðsetur en ekki með lögheimili samkvæmt þarlandum reglum. Ítalskar tekjur hans á að skattleggja á Ítalíu en þær greiðslur renna til fyrirtækja sem hann hefur stofnað erlendis - vægast sagt ekki kerfi sem býður upp á hámarks einföldun - og allt þetta útskýrði hann í myndbandsupptöku sem allar helstu sjónvarpsstöðvarnar sýndu.

„Ég bý í London, ekki í Andabæ eða einhverri skattaparadís“ sagði Rossi sem áleit að fjölmiðlarnir hefðu krossfest sig og dæmt án dóms og laga. Þetta með skattaparadísina er kannski ekki alveg sannleikanum samkvæmt; OECD er farið að líta á England sem skattaparadís en það er önnur saga. Yfirlýsing Rossi vakti enga samúð hjá Vincenzo Visco aðstoðarfjármálaráðherra sem spurði hvernig stæði á því að skattgreiðandi, sem vildi líka til að væri frægur, fengi tækifæri til að skýra sín mál í sjónvarpi án þess að þurfa að svara gagnrýnum spurningum.

Nú nýlega lýsti annar kappakstursmaður, Giancarlo Fisichella því yfir að hann hefði samið frið við skattinn. Hann hafði verið krafinn um 17,2 milljónir evra og líkt og í tilfalli Rossi var um að ræða kröfu til tekna sem ekki höfðu verið taldar fram, sektir og vexti. Eins og Rossi hafði Fisichella notað sér búsetu erlendis, í Monte Carlo, til að hlífa sér við skattinum heima fyrir. Eftir viðræður við skattfirvöld fékk Fisichella upphæðina lækkaða niður í 3,8 milljónir evra – og hann hvatti Rossi eindregið til að fylgja sínu fordæmi og greiða það sem honum bæri í stað þess að þverneita öllu. Fisichella hafði þó ekki stokkið til strax og borgað - þessar kröfur snerta tekjur árána 1998-2002.

Legið yfir „Séð og heyrt“ og leitað kristilegrar ásjár

Í kjölfar fréttu um atlögur að kappaksturs-
hetjum var sagt frá því að nú hefðu skattfyr-
irvöld breytt um herbragð. Menn létu sér
ekki lengur nægja að láta tölvur gera tilvilj-
anakennð úrtök í skattframtölum smæl-
ingjanna heldur lúslæsu skattframtöl auð-
manna, fésýslumanna og frægs fólks þar
sem þyrfti meiri kunnáttu og eftirfylgni
til að sjá í gegnum þann vef sem góðir
endurskoðendur geta spunnið.

Ein skattrannsóknarleiddin var sögð sú
að starfsmenn skattsins læsu blöð á borð
við „Séð og heyrt“ til að fá upplýsingar um
eignir frægra auðmanna. Í þessum blöð-
um eru menn ekkert að fela ríkidæmið
heldur auglýsa vellyingar sínar á flenni-
myndum af glæsihúsum, einkaflugvélum
og snekkjum sínum. Með því að taka mið
af upplýsingum um fasteignir og aðrar
áþreifanlegar eignir í þessum blöðum
væru það hæg heimatök hjá skattheimtu-
mönnum að bera saman upplýsingarnar
við skattframtöl viðkomandi.

Hvort sem það er lestri kjaftablaðanna að
þakka eða ekki þá birtust þær fréttir nú í
lok september að átak til að hafa upp á

óframtöldum tekjum efnamanna, líka
söluskatti og öðrum sköttum, hefði borið
ríkulegan árangur: 350 Jóakimar aðalend-
ur hefðu á árinu fallist á að lagfæra fyrri
skattgreiðslur eftir nákvæma athugun á
skattamálum þeirra. Með þessu átaki hefði
skatturinn haft upp úr krafsinu tæplega
500 milljónir evra. Visco aðstoðarfjár-
málaráðherra taldi þennan afrakstur sýna
að átak ríkisstjórnarinnar til betri skatt-
heimtu væri að skila árangri sem ætti von-
andi eftir að skila enn meiru í ríkiskassann.

Prodi forsætisráðherra notar hvert tæki-
færi til að hamra á skattamálum og hvetja
landsmenn til að útfylla skattskýrslurnar
samviskusamlega. Og í landinu þar sem
kapólska kirkjan er yfir og allt um kring,
líka í stjórnmalunum, er skattamálunum
jafnvel vikið til kirkjunnar. Prodi er yfir-
lýstur kapóllikki og sækir kirkju reglulega.
Í viðtali við kapólskt málgagn í sumar
spurði hann hvernig stæði á því að þegar
hann færi í kirkju heyrdi hann aldrei préd-
ikað einn mikilvægasta siðferðisþátt sam-
félagsins – sem væri að telja rétt fram og
borga skatt. „Af hverju er aldrei prédikað
um mikilvægi þess að telja rétt fram?“
spurði Prodi.

Viðtalið varð strax forsíðufrétt í öllum
helstu fjölmiðlunum og kapólska kirkjan
brást hart við. Bruno Forte erkibiskup steig
fram og sagði að vissulega skoraðist kirkj-
an ekki undan því að nefna þetta. Kirkjan
afsakaði ekki skattsvik en hún skildi betur
en stjórnmalamenn að fólk treysti ekki
stjórnmalamönnum – kirkjan skildi fólk-
ið, ekki stjórnmalamennirnir.

Þar sem ríkið er ekki til staðar

Það má deila um hvort kirkjan skilji fólk-
ið betur en stjórnmalamennirnir – en það
er enginn vafi á að vantraust á stjórn-
malamönnum er firna útbreitt á Ítalíu og
hefur verið lengi. Samfara þessu vantrausti
fer ótrú á ríkinu og ríkisvaldinu almennt
og óánægja með opinbera þjónustu – og
allt þetta grefur undan löngun fólks til
að borga skatt.

Ítalía hefur ekki verið til sem sameinað
ríki nema síðan um 1860 þegar þjóðhetj-
an Giuseppe Garibaldi sameinaði landið.

*Lítill kaffibar á horni í Montesanto-hverfinu í
Napólí. Menn gleyma ekki að afhenda kvittun en
spurning er hvort mafían innheimtir ekki meira
þarna en skattfyrvöld.*



Áður var landinu skipt upp í furstadæmi og konungsdæmi – og við nánari kynni af landinu kemur fljótt í ljós að þótt Garibaldi hafi komið landinu saman í stjórnarfarslega heild vantar mikið upp á að Ítalir skynji sig sem Ítali. Rætur þeirra liggja miklu frekar til héraða þeirra en ríkisins. Tilfinning fyrir því að tilheyra ítalska ríkinu er miklu veikari en tilfinning þeirra fyrir heimasvæðinu. Þarlendir hugsa um sig sem Venetobúa, Lombarda og svo framvegis, ekki sem Ítali.

Öll þjóðmálaumræðan endurspeglar þessa afstöðu – og þá líka afstaðan til skattheimtunnar. Það heyrir mjög oft talað um höfuðborgina Róm sem „Roma ladrone“ – þjófinn Róm. Róm „steli“ tekjum ríku héraðanna og úthluti með óréttmætum hætti til fátækari svæða. Í hugum margra er þetta réttlætning þess að svíkja undan skatti. Þeir séu bara að „vernda“ eðlilega hagsmuni. Þessi afstaða hefur verið undirstaðan í málflutningi „Norðurbandalagsins“, stjórnmalahreyfingar sem er sterk á ríku svæðunum á Norður-Ítalíu.

Það er sterk tilfinning fyrir því meðal Ítala að ríkisvaldið sé veikt og ekki allir sem harma það. Þar sem ríkisvaldið er ekki til staðar er tómarúm og það tómarúm fyllir mafían, meðal annars með sinni eigin „skattheimtu“: krefst gjalds af öllum viðskiptaumsvifum á því svæði sem hún telur sig eiga. Tómarúmið sem mafían fyllir er einkum á Suður-Ítalíu.

Montesanto-hverfið í miðborg Napólí er gott dæmi. Þar eru lítil bílaverkstæði, litlar búðir og annar smárekstur. Þegar ég spurði nágrannakonu mína þar í sumar hvort maður yrði var við maffuna sem íbúi þarna sagði hún að venjulegir launþegar yrðu sjaldnast varir við umsvifin en um leið og maður væri með rekstur birtust fulltrúar maffunnar til að krefjast greiðslna fyrir að láta viðkomandi í friði. „Og þeir borga allir þó þeir viðurkenni það ekki,“ bætti hún við af biturð. Sjálfri stóð henni til boða að taka við rekstri lítils veitingahúss fyrir um þrjátíu árum en sagðist ekki hafa getað hugs-

að sér að peningar sem hún ynni sér inn hörðum höndum rynnu í vasa þeirra sem ættu þá ekki skilið. Að ríkið gæti verndað hana frá þessum ósóma hvarflaði ekki að henni.

Með tilvísun til þessa tómarúms er engin tilviljun að rannsóknardómaranum Giovanni Falcone var tamt að tala um sviðið „þar sem ríkið væri ekki“ til að skýra hvar mafían byggir um sig. Falcone var myrtur í sprengjutilræði 1992 ásamt konu sinni sem var einnig dómari og þremur lífvörðum þeirra – einmitt á þann hátt sem mafían notar til að minna á hvert veldi hennar nær.



Auður á borði, fátækt í orði

Ítalir eru greinilega vel stæðir og bera ríkídæmið gjarnan utan á sér, keyra á fínum bílum, fara í frí og eru áberandi vel klæddir enda eyða þeir meira en aðrar þjóðir í fót - en samkvæmt skattheimtunni eru þeir nánast lúsfátækir. Prodi forsætisráðherra hefur verið ófeiminn við að segja landsmönnum berum orðum að það geti einfaldlega ekki staðist að þeir telji rétt fram. Hann hefur hvað eftir annað hnykkst á hvernig það geti eiginlega staðist að tveir þriðju þeirra sem telja fram gefi upp árs-

tekjur á bilinu 6.000-15.000 evrur, 150 þúsund manns gefa upp 100.000-200.000 evrur og aðeins 50 þúsund manns segja tekjur sína hærra en 200.000 evrur – og það í landi með sextíu milljónir íbúa.

Það eru fleiri en Prodi sem hrista höfuðið yfir þessu. Einn ágætur maður sem ég ræddi við sagðist vera í hópi þessara 50 þúsunda hátekkjumanna sem telja allar tekjur sínar fram og í þeim hópi væri næstum eingöngu fólk sem eru tekjuháir launþegar eins og hann því það starfar hjá stórfyrirtækjum með há laun og bónusa. Þeir sem störfuðu sjálfstætt og hefðu háar tekjur, hvort sem það væru iðnaðarmenn, fésýslumenn, læknar eða lögfræðingar, teldu alls ekki allt fram.

Ein saga sem ég heyrði í þessa veru var um lögfræðing sem kom í banka og bað um lán upp á tíu þúsund evrur. Hann brást hinn versti við þegar bankaráðgjafinn benti honum á að samkvæmt skattframtalinu sem hann þurfti að leggja fram með lánsúmsókninni væri varla ráðlegt að auka á fjárhagslegar byrðar hans því samkvæmt framtalinu væru árstekjur hans undir tíu þúsund evrum. Lögfræðingnum þótti það mjög móðgandi aðdróttun að hann væri ekki nógu efnaður til að taka lán því eins og bankaráðgjafinn gæti séð skipti veltan á bankareikningi hans hundruðum þúsunda evra á ári! En hann hafði hins vegar engar áhyggjur af að í samanburði við bankareikninginn liti skattframtal hans út eins og brandari.

Prodi og aðrir stjórnmalámennt nota hert viðurlög og betri skattheimtu sem rök fyrir því að þannig verði hægt að lækka skattana í raun meðan hægristjórn Silvio Berlusconi hafi aðeins lækkað skattana á hátekkjufólki. Það er þó spurning hvort þau rök bíta á þjóð þar sem undanskot skatta virðist hafa grafið um sig sem sjálfsagður hlutur.

Samkvæmt úttekt sem skattyfirvöld á Ítalíu birtu í sumar hafa skattsvik af öllu tagi sexfaldast að raunvirði á árunum 1980-2004. Á árunum 2000-2004 er áætlað að skattsvik hafi aukist um 30 prósent.

Í úttekt skattfirvalda 2004 var áætlað að fyrir hverjar 100 evrur sem væru taldar fram væru 46 evrur faldar og þá er reiknað með skattkerfinu í heild, bæði skatti af fyrirtækjum og einstaklingum.

Almennt kvarta Ítalir yfir háum sköttum og flóknu fyrirkomulagi. Fyrir utan tekjuskatt eru ýmiss konar skattar borga og bæja og fasteignaskattar – og þeir kvarta líka yfir örum breytingum á skattkerfinu.

Hvar leynast skattsvikararnir?

Eitt af því sem maður tekur fljótt eftir sem útlendingur á Ítalíu er að það er sama hvar maður kemur í búðir og á kaffibari, sama hversu litlir og ómerkilegir þeir eru, að alls staðar er manni rétt kvittun og komið í skilning um að gæta hennar. Ástæðan er sú að þessir staðir eiga yfir höfði sér háar sektir ef viðskiptavinirnir labba út kvittanalausir. Efnahagsbrotalög-reglan, Guardia di finanza, á ræki-lega merktum bílum, er líka áberandi á götunum. Ekki það að ég hafi nokkru sinni verið beðin um að sýna kvittun en meðvitundin um þessa kvöð er áberandi. Þrátt fyrir þetta reikna Ítalir almennt með að skattsvik séu þjóðaríprótt

þarlendra. Könnun sem rannsóknarstofnunin Eures gerði með þúsund manna úrtaki árið 2004 styður almannaróm.

Í ítölskum grunnskólum og framhaldsskólum eru krakkar miskunnarlaust felldir og á hverju ári þarf töluverður hluti í hverjum árgangi að taka upp próf að hausti til að fá að halda áfram. Af þessum ástæðum er það stóruþgerð hjá kennurum og háskólastúdentum að kenna krökkum fyrir prófin, bæði yfir sumarið en eins að taka krakka í aukatíma yfir veturinn til að koma í veg fyrir að þeir falli. Könnun Eures bendir til að tregða kennaranna til að telja tekjurnar fram slái öll met – í úrtakinu segjast 82 prósent aldrei hafa fengið kvittun fyrir greiðslum til þessara kennara. Næstum sama gildir um barna-pössun sem er oft stunduð af konum sem passa börn á heimilunum og svo umönnun eldri borgara sem fjöldinn allur af ítölskum fjölskyldum sinnir með því að láta fólk, oft útlendar konur, búa með gamla fólkinu á heimilum þess til að komast hjá því að það fari á elliheimili. Hvað varðar viðskipti við iðnaðarmenn

bendir könnunin til þess að reikningslaus viðskipti séu algeng meðal iðnaðarmanna sem leysa verk af hendi í heimahúsum t.d. 70 prósent meðal múrara og málara, en lægst meðal rafvirkja eða 55 prósent. Þegar kemur að vinnu framkvæmdri á verkstæðum eða vinnustofum fer talan lækandi, t.d. um 34 prósent hjá hárgreiðslufólki. Meðal háskólamenntaðra manna sem selja þjónustu sína, eins og arkitekta, lögfræðinga, sálfræðinga og lækna var tíðnin um 20 prósent og undir en þar bar einnig á fjölbreyttum frávikum eins og að gefa kvittun fyrir lægri upphæð en unnið var fyrir.

Ítölsk skattfirvöld vinna náði með ítölsku hagstofunni, Istat, við að þróa

Í úttekt skattfirvalda 2004 var áætlað að fyrir hverjar 100 evrur sem væru taldar fram væru 46 evrur faldar

rannsóknartæki og eins til að hafa stöðugt tiltækar tölulegar upplýsingar. Istat birtir líka árlega tölur um áætlað umfang skattsvika.

Í rannsókn skattfirvalda 2004 á þróun skattsvika á árunum 1998-2002 kemur fram að skattsvik hafi minnkað á þessu tímabili en jafnframt hnykkt á að þar sem skattsvik séu svo umfangsmikil og í raun hluti af efnahagskerfinu sé ljóslega ekki við því að búast að aðgerðir skattfirvalda einar sér dugi. Það þurfi víðtækara átak til að koma fólki í skilning um hvað sé í húfi - og þar hljóta stjórnmalamennirnir að þurfa að gera sitt líkt og Prodi og stjórn hans leitast við þessi misserin.

Úttektin gerir nákvæma grein fyrir ástandinu á einstökum svæðum - skattsvik eru útbreiddust í Lombardíu (héraðinu í kringum Mílanó), Campaníu (í kringum Napólí), á Sikiley og í Piemonte (í kringum Tórínó). Í skýrslunni segir að á einstökum svæðum á Suður-Ítalíu séu skattsvik svo útbreidd að það þýði ekkert að tala um að fá fólk til að starfa með yfirvöldum heldur verði hreinlega að endurvekja skilning

fólks á ólögmati skattsvika. Hér er auðvitað athyglisvert að það er á þessum svæðum sem rætur mafiunnar eru dýpstar.

Skattsvik eru umfangsmest í þjónustugreinum, einkum þjónustu við fyrirtæki. Því má halda fram að þar með leggi þessar greinar ekki sinn skerf fram til þjóðarbúsins. Landbúnaður er líka gegnsýrður af skattsvikum en þar sem veltan þar er miklu lægri en í iðnaði eru skattsviknar upphæðir þar miklu lægri.

Þessa dagana er tekist á um ítölsku fjárlögin fyrir næsta ár. Visco aðstoðarfrjármálaráðherra hefur lýst reiði sinni yfir að aukin framlög til skattfirvalda hafi ekki fengist og fyrir því berst hann nú með stuðningi ýmissa þingmanna. Ein röksemd hans er að betri skattheimta sé undirstaða réttlátara þjóðfélags og réttlátara framlags til velferðarkerfisins. Því eins og einn Ítali sagði við mig þegar við ræddum skattamálin þá er ákveðin þversögn í auðskiptingu þjóðarinnar: „Þjóðin er rík en ríkið er fátækt.“

Skattþrepum tekjuskatts á Ítalíu hefur verið breytt undanfarin ár.

2003

Skattstiginn:

Skattleysismörk 7.000 evrur

23%: 7.001-15.000

29%: 15.001-29.000

31%: 29.001-32.600

39%: 32.601-70.000

45%: frá 70.001

2007

23%: tekjur upp að 15.000 evrum

27%: 15.001-28.000

38%: 28.001-55.000

41%: 55.001-75.000

43%: frá 75.001

(Persónuafsláttur upp á 8.000 evrur er háður ákveðnum skilyrðum; afsláttur eftirlaunaþega er 7.500 evrur).

(Gazzetta Ufficiale n. 299 del 27 dicembre 2006 la legge finanziaria 2007 (legge n. 296/2006).

Opinber gjöld lögaðila 2007

Nú er lokið álagningu opinberra gjalda á lögaðila vegna gjaldársins 2007. Lögaðilar á skattgrunnskrá voru 38.422, 2.485 fleiri en í fyrra, sem er aukning um rúmlega 6,9%.



PÁLL KOLBEINS

Við álagningu opinberra gjalda lögaðila 2007 voru 30.099 félög á skattgrunnskrá. Þar af voru 26.555 einkahlutafélög, 3.544 hlutafélög og sameignarfélög. Lögaðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti, s.s. ýmis starfsemi á vegum hins opinbera, áhugamannasamtök og önnur góðgerðafélög voru 8.323. Skattstjórar áætluðu gjöld 9.511 félaga, sem er um fjórðungur lögaðila á skattgrunnskrá. Nú voru 80,8 milljarðar lagðir á lögaðila í opinber gjöld, 6,9 milljörðum meira en í fyrra. Hér að neðan

verður tæpt á því helsta sem telja má markvert við niðurstöður álagningar opinberra gjalda lögaðila árið 2007.

Enn fjölgar einkahlutafélögum

Félögum á skattgrunnskrá hefur fjölgað mjög mikið á undanförunum árum. Frá árinu 1993 hefur skattskyldum lögaðilum fjölgað um 214,6% en á sama tíma hefur einstaklingum á skattgrunnskrá fjölgað um 27,8%. Þegar rætt er um mikla fjölgun lögaðila í þessu samhengi er fyrst og fremst um að ræða gífurlega fjölgun einkahlutafélaga. Ýmsar ástæður eru fyrir mikilli fjölgun þeirra og kemur þar til að lögum um hlutafélög hefur verið breytt til að auðvelda stofnun félaga. Lögum hefur verið breytt til að gera mönnum kleift að færa einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélag. Tekjuskattur lögaðila hefur verið lækkaður þannig að margir kunna að sjá

skattalegt hagræði í því að stofna einkahlutafélag um einstaklingsrekstur, en einstaklingum sem reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin rekstur hefur fækkað mikið á þessum tíma. Þá hefur mikill uppgangur í þjóðfélaginu á síðustu árum leitt til þess að æ fleiri hefja sjálfstæðan atvinnurekstur og stofna þá oftast ekki einkahlutafélag um reksturinn. Þá má nefna að eignarhaldsfélögum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum en hér er um að ræða félög um rekstur annarra félaga. Félögum hefur fjölgað hratt frá árinu 1997 en þá voru 17.153 félög á skrá, þar af 1.367 einkahlutafélög. Einkahlutafélög voru þá um átta prósent skráðra lögaðila. Nú voru 30.099 félög á skattgrunnskrá en þar af voru 26.555 einkahlutafélög. Einkahlutafélög voru því 67,4% skráðra lögaðila, eða 88,2% tekjuskattskyldra félaga á grunnskrá.


Skattar lögaðila hækka enn

Opinber gjöld lögaðila hækkuðu um 6,9 milljarða*, tæpa 12,8 ef tekið er tillit til mikillar lækkunar fjármagnstekjuskatts


Opinber gjöld lögaðila 2006 og 2007

Opinber gjöld lögaðila og fjöldi gjaldenda 2006 og 2007 <small>Upphæðir í milljónum króna</small>		Álöð gjöld						Fjöldi lögaðila						
		Tekjuskattur		Tryggingagjald		Önnur gjöld*		Tekjuskattur		Tryggingagjald		Grunnskrá		
		2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007	
Lögaðilar undanþegnir tekju- og eignarskatti	Skilubú	-	-	11.375	12.028	6.237	350	-	-	1.625	1.578	8.239	8.272	
	Áætlaðir	-	-	160	3	9	2	-	-	18	14	58	51	
	Samtals	-	-	11.535	12.031	6.246	351	-	-	1.643	1.592	8.297	8.323	
Félög gjaldskyld í tekju- og eignarskatti	Einkahlutafélög	Skilubú	8.695	9.631	9.391	11.241	255	267	5.596	5.934	9.153	9.563	16.041	18.030
		Áætlaðir	7.782	8.619	1.919	2.123	43	48	7.416	7.523	3.092	3.215	8.176	8.525
		Samtals	16.477	18.250	11.310	13.364	297	315	13.012	13.457	12.245	12.778	24.217	26.555
	Önnur gjaldskyld félög	Skilubú	16.393	23.004	8.829	11.155	167	169	938	962	1.331	1.348	2.465	2.609
		Áætlaðir	1.798	1.463	813	698	36	17	742	702	195	192	958	935
		Samtals	18.191	24.467	9.642	11.853	203	187	1.680	1.664	1.526	1.540	3.423	3.544
Samtals	34.669	42.717	20.951	25.217	500	501	14.692	15.121	13.771	14.318	27.640	30.099		
Öll félög samtals		34.669	42.717	32.486	37.248	6.746	853	14.692	15.121	15.414	15.910	35.937	38.422	


eða um rúma 5,9 milljarða. Á undanförunum árum hafa opinber gjöld lögaðila hækkað mikið. Mest ber þar á mikilli hækkun tekjuskatts, en tryggingagjald sem framan af síðasta áratug var það gjald lögaðila sem mestu skilaði hefur einnig hækkað mikið. Í fyrra brá svo við að af opinberum gjöldum greiddu lögaðilar mest í tekjuskatt og sama á við nú í ár. Tekjuskattur hækkaði nú um rúma átta milljarða, eða 23,2% á milli ára. Þetta er minni hækkun en undanfarin ár en á síðustu þremur árum hefur tekjuskattur hækkað mikið. Tekjuskattur var nær óbreyttur milli áráanna 2003 og 2004, hafði þá hækkað um tæp 36% árið á undan. Hækkun milli áráanna 2004 og 2005 var um 74%, hækkun milli áráanna 2005 og 2006 var 46% og milli áráanna 2006 og 2007 23,2%, sem fyrr segir. Nú voru 42,7 milljarðar lagðir á í skatt á hagnað lögaðila. Frá álagningu 1993 hefur skattur á hagnað félaga hækkað um 985,9%. Skatthlutfallið hefur lækkað verulega frá árinu 1992 þegar það var 45%. Það lækkaði í 39% við álagningu 1993 og í 18% við álagningu 2003. Mikil hækkun álagðs tekjuskatts skýrist að miklu leyti af hagnaði einstakra félaga en hlutur þeirra tíu félaga sem bera mestan tekjuskatti hefur aukist verulega á undanförunum árum. Árið 2001 voru t.d. 13,2% tekjuskatts lögð á tíu stærstu félögin, árið 2004 var þetta hlutfall komið upp í 17,9%. Hlutfallið var 27,6% við álagningu 2005, 40,5% við álagningu í fyrra og 44% nú. Nú voru 18,8 milljarðar, af þeim 42,7 milljörðum, sem lagðir eru á lögaðila í skatt af hagnaði, lagðir á þau tíu félög sem mest er lagt á. Ef áætlunum er sleppt þá voru 18,3 milljarðar lagðir á þau 11 félög sem greiða meira en 150 milljónir í tekjuskatt. Þetta eru 56,2% af þeim 32,6 milljörðum sem lagðir eru á tekjur og hagnað skv. skattframtali. Þá hefur tekjuskattur lögaðila einnig aukist samfara mikilli fjölgun einkahlutafélaga. Bæði hafa einstaklingar fært tekjur úr einstaklingsrekstri á eigin nafni yfir í einkahlutafélög þannig að tekjur sem áður hefðu myndað skattstofn hjá einstaklingum eru nú skattlagðar sem tekjur félaga. Þá hefur, samfara mikilli fjölgun félaga á skattgrunnskrá, félögum sem ýmist skila ekki framtali fyrir framtalsfrest eða eru talin hafa vantalið tekjur, fjölgað mikið.




Lögaðilum á skattgrunnskrá hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Frá árinu 1993 hefur skattskyldum félögum fjölgað um 214,6% en á sama tíma hefur einstaklingum á skattgrunnskrá fjölgað um 27,8%. Einstaklingum sem reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur hefur hins vegar fækkað um 34,5% á tímabilinu.




Árið 1995 var lögum um hlutafélög breytt þannig að auðveldara varð að stofna hlutafélög um rekstur, einkahlutafélög. Frá þeim tíma hefur einkahlutafélögum fjölgað mjög mikið en þau eru nú 67,4% lögaðila á skattgrunnskrá.




Við álagningu 2003 var skattur af hagnaði lögaðila lækkaður úr 30% í 18%. Þá var lögum einnig breytt þannig að auðveldara varð fyrir einstaklinga með rekstur í eigin nafni að stofna einkahlutafélög um reksturinn. Í kjölfarið fækkaði einstaklingum sem reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur en skattskyldum félögum fjölgaði.



Á undanförunum árum hafa opinber gjöld lögaðila hækkað mikið. Fyrir tíu árum var tekjuskattur helmingi lægri en tryggingagjald, nú er hann 15% hærri.



Þrátt fyrir lækkun skatthlutfalls hefur skattur á tekjur og hagnað félaga hækkað um 98,9% frá árinu 1993. Álagning tryggingagjalds hefur hækkað um 353% á sama tíma.



Frá árinu 2004 hafa tekjuskattur og tryggingagjald hækkað mjög mikið.

Skattstjórar áætluðu nú skattstofna hjá 9.460 félögum sem ekki skiluðu skattframtali fyrir framtalsfrest, sem er 31,4% félaga. Samfara mikilli fjölgun félaga á skattgrunnskrá hefur hlutfall félaga sem ekki skila framtali fyrir framtalsfrest farið hækkanði. Nú bregður hins vegar svo við að hlutfall félaga sem eru með áætlaðar tekjur lækkar lítillega á milli ára en í fyrra fengu 33% félaga áætlun. Til samanburðar má geta þess að árið 1998 fengu 24,3% félaga áætlun.

Við álagningu 1998 voru 14,9% tekjuskattstofns lögaðila byggður á áætlun samanborið við 23,6% nú. Hlutfall áætlaðra tekna hefur farið nokkuð lækkandi frá árinu 2002 en hér skiptir mestu máli gríðarlegur hagnaður einstakra félaga á undanförunum árum. Ef einkahlutafélög eru skoðuð sérstaklega þá voru nú tæpir 18,3 milljarðar lagðir á einkahlutafélög í tekjuskatt en þar af voru 8,6 milljarðar, eða 47,2% byggðir á áætlun skattstjóra. Skýringa á því af hverju svo mörgum einkahlutafélögum eru áætlaðar tekjur er vafalaust að leita í því að oft verður minna úr áformum stórhuga athafnamanna en til stóð í upphafi. Þegar allt kemur til alls er engin starfsemi í mörgum þessara félaga sem eru þó á skattgrunnskrá og því framtalskyld. Sé framtali ekki skilað á tilsettum tíma, eins og lög gera ráð fyrir, eru félögum áætlaðar tekjur af skattstjóra.

Tryggingagjald


Tryggingagjald var lengi vel það gjald sem mestu skilaði en á síðustu tveimur árum hefur álagður tekjuskattur verið hærri. Nú voru 37,3 milljarðar lagðir á lögaðila í tryggingagjald af greiddum launum, sem er 14,7% herra en í fyrra. Þó að tekjuskattur sé nú hærri en tryggingagjald hefur tryggingagjald hækkað mikið á undanförunum árum, á bilinu frá 15% til 20% árlega. Á milli árunna 2005 og 2006 hækkaði gjaldið um 17,7%. Gjaldið hækkaði um 19,1% á milli árunna 2003 og 2004. Samfara hækkun gjaldsins úr 5,23% í 5,73%, árið eftir hækkaði álagningin um 4,9%, á milli árunna 2004 og 2005, en þá var gjaldið sjálft óbreytt á milli ára. Nú hækkaði gjaldið lítillega, úr 5,73% í 5,79%, sem er um 1% hækkan. Frá árinu 1993 hefur almennt gjaldstig tryggingagjalds lækkað úr 6,18% í 5,79%, sem er 6,3% lækkan. Álagning hefur hækkað um 353%. Þar sem gjaldið er lagt á launatekj-

ur ber hækkun tryggingagjalds vitaskuld vitni um gott atvinnuástand og miklar launahækkningar á vinnumarkaði. Skattstjórnar áætluðu lögaðilum 2,8 milljarða í tryggingagjald sem er 7,6% tryggingagjalds. Þetta hlutfall er lægra en í fyrra, en þá voru 8,9% álagningar byggð á mati skattstjóra. Tíunda áratuginn var áætlað tryggingagjald rétt rúmlega þrjú prósent tryggingagjalds. Nú var lagt tryggingagjald á 15.910 lögaðila eða 531 fleiri en í fyrra. Af 38.422 lögaðilum á skrá var lagt tryggingagjald á launagreiðslur 15.910 lögaðila, eða 41,1% lögaðila sem er heldur lægra hlutfall en undanfarin ár. Þá vekur óneitanlega nokkra athygli að á sama tíma og tekjuskattskyldum félögum fjölga um 2.459, fjölga þeim lögaðilum sem er ætlað að skila tryggingagjaldi af greiddum launum ekki um nema 496 á milli ára. Nú eru 18.122 fleiri tekjuskattskyld félög á skattgrunnskrá en árið 1997. Félögum sem eiga að skila tryggingagjaldi af launagreiðslum hefur hins vegar aðeins fjölgað um 7.318 á þessu tímabili.

Yfirfæranlegt tap


Það er ekki aðeins að skattskyldur hagnaður hafi aukist mikið á síðustu árum heldur hefur tap einnig hækkað gríðarlega mikið. Yfirfæranlegt tap jókst um tæpa 199,7 milljarða frá því í fyrra, sem er hækkun um 108,9% á milli ára. Yfirfæranlegt tap var nú tæpir 383 milljarðar samanborið við 183,3 milljarða í fyrra. Þó svo að gögn embættisins um yfirfæranlegt tap nái aðeins aftur til álagningar ársins 1998 þá er óhætt að fullyrða að yfirfæranlegt tap, eftir að það hefur verið nýtt til lækunar tekjuskattstofns, hefur aldrei aukist jafn mikið á milli ára. Sem fyrr er bróðurparturinn af tapinu hjá fáum félögum. Nú voru 65 félög með meira en einn milljarð í yfirfæranlegt tap á bókum sínum, samanborið við 21 félag í fyrra. Yfirfæranlegt tap þessara félaga var nú 203,5 milljarðar, eða 53,1% yfirfæranlegs taps félaga í landinu. Af þessum félögum voru tíu félög með 97,8 milljarða í tap sem er rúmur fjórðungur yfirfæranlegs taps. Í fyrra var 21 félag með meira en einn milljarð í yfirfæranlegt tap. Samtals voru þessi félög með 25% heildartaps. Nú voru 10.948 félög með yfirfæranlegt tap samanborið við 9.438 félög í fyrra og því telja nú 16% fleiri félög fram tap en í fyrra.

Skattskyldir lögaðilar og hlutfall áætlaðra félaga 1993 til 2007




Samfara mikilli fjölgun félaga á skattgrunnskrá hefur hlutfall félaga sem ekki skila framtali fyrir framtalsfrest farið hækkanði. Nú lækkaði þetta hlutfall hins vegar lítillega á milli ára.

Tekjuskattur og hlutfall áætlaðs tekjuskattstofns 1993 til 2007



Hlutfall áætlaðra tekna sem á undanförunum árum hafa aðallega verið bundnar við einkahlutafélög hefur farið nokkuð lækkanði frá árinu 2002 en hér skiptir mestu máli að hagnaður einstakra hlutafélaga hefur aukist mjög mikið á undanförunum árum.


Skattskyldir lögaðilar á skattgrunnskrá og fjöldi lögaðila sem greiddu tryggingagjald



Árlega er fjöldi félaga skráður á skattgrunnskrá. Nú eru 18.122 fleiri tekju- og eignarskattskyld félög á skattgrunnskrá en árið 1997. Félögum sem eiga að skila tryggingagjaldi af launagreiðslum hefur hins vegar aðeins fjölgað um 7.318 á tímabilinu.

Aðrir skattar og gjöld

Vert er að minnast nokkrum orðum á fjármagnstekjuskatt sem lagður er á lögaðila sem undanþegnir eru tekjuskatti. Fjármagnstekjuskattur lækkaði nú um tæpa 5,9 milljarða, eða 94,5% frá álagningu í fyrra. Skatturinn hefur aðallega verið lagður á ríkið en stærstur hluti hans hefur verið lagður á vegna söluhagnaðar af eignum. Annars eru það aðallega sveitarfélög og stofnanir ríkisins sem greiða skatt af vaxta-tekjum. Þá er vert að minnast á ýmis smærri gjöld sem skattstjórar leggja á en eru ekki eiginlegir skattar. Iðnaðarmála-gjald, sem lagt er á veltu iðnfyrirtækja og rennur til samtaka iðnaðarins, var nú 380 milljónir, 22,8% hærra en í fyrra. Búnaðar-gjald var nú 107 milljónir, 37,5% lægri en í fyrra. Þá voru 24 milljónir lagðar á fjar-skiptafyrirtæki í jöfnunargjald alþjónustu, en þetta er 21,5% lækkun frá því í fyrra.



Á síðustu árum hefur hlutur 10 stærstu gjaldenda tekjuskatts í heildarálagningu hækkað töluvert mikið eða úr 17,6% árið 2004 í 44% árið 2007.

Handbækur og verklagsreglur

Faghópar hafa verið skipaðir til að bæta þekkingu starfsmanna skattýfirvalda með því að semja nýjar handbækur og verklagsreglur

Ríkisskattstjóri hefur skipað starfshópa til að semja verklagsreglur, annars vegar um tekjuskatt og hins vegar um virðisaukaskatt sem mynda skulu stofn að handbókum um þá skatta. Í þessu felst að taka saman upplýsingar og gögn sem til eru um skýringar á tekjuskattslögum og virðisaukaskattslögum, úr gagnasafni ríkisskattstjóra auk dóma og úrskurða. Byggt verður á grunnum sem þegar hafa verið samdir og aukið við eða eftir atvikum

samdir nýir kaflar með það fyrir augum að unnt verði að gefa út heildstæðar verklagsreglur og síðar handbækur um tekjuskatt og virðisaukaskatt. Sömu leiðis munu handbækurnar verða aðgengilegar á vef ríkisskattstjóra, www.rsk.is.

Í starfshópi um verklagsreglur í tekjuskatti eru: Elín Alma Arthúrsdóttir formaður, Harpa Kristjánsdóttir, Hrefna Einarisdóttir og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir.

Í starfshópi um samningu nýrrar handbókar í virðisaukaskatti eru: Jón Guðmundsson formaður, Pétur Ólafsson, Harpa Kristjánsdóttir, Ragnheiður Björnsdóttir, Bjarni Amby Lárusson og Óskar Albertsson. Á meðfylgjandi mynd má sjá Ingvar J. Rögnvaldsson varafríkisskattstjóra á fundi með öðrum starfshópnum. Með hópunum munu starfa þeir Jóhannes Jónsson og Einar Valur Kristinsson en þeir munu sjá um tæknilegan þátt vinnunnar.



Starfshópar undirbúa bætta skattframkvæmd

Að undanförnu hefur ríkisskattstjóri undirbúið ýmsar breytingar á skattframkvæmd með það að markmiði að einfalda skattskil og fækka áætlunum. Það er í samræmi við áætlanir Ríkisstjórnar Íslands sem fjármálaráðuneytið hefur birt opinberlega

Til að undirbúa breytingarnar hefur ríkisskattstjóri skipað fjóra vinnuhópa. Um er að ræða starfshópa sem vinna skulu að breytingum á eftirgreindum atriðum:

- fyrirkomulag áætlana í virðisaukaskatti
- skattuppgjör útlendinga
- einföldun á framtalsgerð einstaklinga
- bætt skil skattframtala

Öllum starfshópunum er ætlað það hlutverk að koma með tillögur um úrbætur, skilgreina fyrirhugaðar breytingar, gera tillögur um lagaleg atriði, undirbúa nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir og leggja drög að kynningu niðurstaðna þegar þær liggja fyrir.

Í starfshóp um áætlanir í virðisaukaskatti var Kristín Norðfjörð skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík skipuð formaður en aðrir í hópnum eru Hjördís Gunnarsdóttir, Gunnar Níelsson og

Sæmundur Guðmundsson. Hópurinn hefur nú þegar skilað áfangaskýrslu þar sem lagðar eru til róttækar breytingar en lokaskýrsla hópsins verður kynnt í ársbyrjun 2008.

Í starfshópi um skattuppgjör útlendinga er Hrefna Einarsdóttir formaður en aðrir í hópnum eru Grétar Þór Kristinsson, Karl Óskar Magnússon og Ævar Ísberg. Með hópnum starfar Harpa Hrönn Frankeisdóttir. Hópurinn mun skila af sér tillögum seint á árinu 2007.

Starfshópi um aðgerðir til að bæta skattskil einstaklinga stýrir Karl Óskar

Magnússon en aðrir í hópnum eru Guðrún Björg Bragadóttir skattstjóri, Jens Þór Svansson, Elín Alma Arthúrsdóttir, Hrefna Einarsdóttir og Grétar Þór Kristinsson. Starfshópurinn mun skila af sér tillögum í ársbyrjun 2008.

Starfshópi um einföldun á framtalskilum er stýrt af Jens Þór Svansson en auk hans eru í hópnum Gunnar Karlsson skattstjóri, Hrefna Einarsdóttir, Karl Óskar Magnússon, Haraldur Hansson, Jóhannes Jónsson og Ævar Ísberg. Lokaskýrslu hópsins er að vænta á vormánuðum 2008.



Ný lög um skattlagningu kaupskipaútgerðar

Erindi flutt á skattstjórafundi á Akureyri 4.-6. júlí síðastliðinn



INGIBJÖRG
HELGA
HELGADÓTTIR

Tonnaskattur

Þann 17. mars síðastliðinn voru samþykkt á Alþingi lög nr. 86/2007 um skattlagningu kaupskipaútgerðar eða tonnaskatt eins og þau eru stundum nefnd. Með lögnum er lögfest sambærileg skattlagning kaupskipaútgerða og í ýmsum nágrennalöndum okkar og þannig stuðlað að því að kaupskip sem skráð eru í útlöndum verði skráð hér á landi á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS), sem stendur fyrir Icelandic International Shipregister, og verði með því skrá yfir íslensk skip sem sigla undir íslenskum fána. Samhliða þessum lögum voru samþykkt á Alþingi lög nr. 38/2007 um stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár (IIS) sem samgönguráðuneytið lagði fram. Gildistaka laganna er 1. janúar 2008.

Kaupskipaútgerð hefur staðið frammi fyrir stöðugt vaxandi samkeppni á alþjóðlega vísu og hefur þróunin á Íslandi og í öðrum löndum verið á þá leið að útgerð hefur staðsett sig með hliðsjón af skattumhverfi og ríkisaðstoð. Kaupskip Íslendinga í millilandasiglingum sigla öll undir erlendum fánum. Þannig hefur kaupskipaútgerð flust úr landi og fjöldi íslenskra farmanna sætir skattlagningu erlendis en

ekki á Íslandi af launatekjum sínum. Með lögnum er því skapaður grundvöllur til að flytja kaupskipaútgerð heim aftur og þar með skattlagningarétt af launum farmanna. Sambærileg skattlagning kaupskipaútgerða þekkist m.a. í Færeyjum, Danmörku, Noregi, Hollandi og Írlandi.

Skilyrði

Þeir aðilar sem uppfylla skilyrði laganna og er heimilt val um skattlagningu samkvæmt þeim af reglulegri starfsemi, í stað þess að greiða almennan tekjuskatt af henni samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru kaupskipaútgerðir sem reknar eru af hlutafélögum og einkahlutafélögum sem bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi og gera út kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Við skilgreiningu á kaupskipi er miðað við að lágmarksstærð þess sé 100 brúttótonn og að skipið sé í millilandasiglingum með farm og farþega eða bara í farmflutningum milli hafna innanlands. Skilgreiningunni er ekki ætlað að taka til skipa í farþegaflutningum héraendis.

Kröfur

Lögin gera ráð fyrir því að viðkomandi skattstjóra sé tilkynnt um val útgerðarinnar fyrir upphaf fyrsta tekjuárs, sem tonnaskattlagningu er ætlað að taka til. Ákvörðunin er bindandi og skal skattlagning að lágmarki taka til þriggja rekstrarára. Jafnframt er áskilið að hyggist kaupskipaútgerð hverfa frá tonnaskattlagningu að loknum lágmarksbinditíma eða síðar, þá skuli tilkynna skattstjóra um þau áform

fyrir upphaf þess árs þegar horfið yrði til almennrar skattlagningar samkvæmt tekjuskattslögum. Tonnaskattlagning verður ekki tekin upp að nýju fyrr en að liðnum þremur árum. Ákvæði sem þetta er að finna í lögum þeirra ríkja, sem tekið hafa upp tonnaskattlagningu og er ætlað að sporna gegn því að skattlagningu verði hagað eftir því sem henta þykir frá ári til árs. Binditími annarra ríkja er skemmstur þrjú ár en víðast hvar tíu ár. Hvert það félag sem valið hefur tonnaskattlagningu skal að lágmarki bundið í þrjú ár.

Sameining félaga, þar sem eitt eða fleiri félaganna hafa valið tonnaskattlagningu, hefur þau áhrif að hið sameinaða félag skal uppfylla skilyrði um að hvert það félag sem fellur undir sameininguna hafi sætt skattlagningu í þrjú ár. Við skiptingu félags, sem ekki hefur lokið þriggja ára binditíma, skulu þau félög sem skipt er upp bundin til loka þess tímabils sem hið skipta félag var bundið af. Þá er samsköttun samkvæmt 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, óheimil þann tíma sem útgerðarfélag hefur valið tonnaskattlagningu.

Hvað telst kaupskipaútgerð?

Með hugtakinu kaupskipaútgerð er átt við útgerð sem skal vera í atvinnuskyni og felast í flutningi á farmi eða farþegum með skipum sem útgerðin á eða hefur á leigu með eða án áhafnar. Jafnframt telst til kaupskipaútgerðar útleiga kaupskips ef leigutaki nýtir skipið sannanlega í kaupskipaútgerð við flutning á farmi og farþegum. Útleiga skips án áhafnar til lengri tíma en þriggja ára telst þó ekki til kaup-

skipaútgerðar, enda er slíkt tímamark talið hæfilegt til að mæta tímabundnum verk-efnaskorti. Þannig mynda þau kaupskip grundvöll tonnaskattlagningar sem útgerðin nýtir í reglulegri starfsemi sinni.

Þættir í kaupskipaútgerð

Í lögnum eru tiltaldir þeir rekstrarþættir, sem telja verður svo órjúfanlega þætti í kaupskipaútgerð að eðlilegt sé að falli undir tonnaskattlagningu, enda um að ræða þætti í tekjuöflun eða kostnað, sem með beinum eða óbeinum hætti á rætur sínar í kaupskipaútgerð og hefur áhrif á afkomu hennar. Er hér um að ræða notkun gáma við farmflutninga, rekstur úppskipunar- og viðhaldsaðstöðu, rekstur á miðasölu og farþegasölum, rekstur skrifstofu og stjórnunaraðstöðu og sala á vörum til neyslu um borð í kaupskipi. Enn fremur er undirstrikað það megin-sjónarmið að hafi kaupskipaútgerð valið tonnaskattlagningu skuli sú skattlagning taka til útgerðar allra þeirra skipa sem félagið gerir út og uppfylla skilyrði um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Samkvæmt þessu er félagi því óheimilt að fella ýmist undir tonnaskattlagningu eða tekjuskattslög einstök skip sem það gerir út. Þá er það áréttað að ef útgerð sem valið hefur tonnaskattlagningu gerir út skip í sameign með öðrum tekur hún einnig til hlutdeildar útgerðarinnar í hinum sameiginlega rekstri.

Hvað telst ekki kaupskipaútgerð

Tonnaskattlagning tekur einvörðungu til kaupskipaútgerðar svo sem hún er skilgreind í lögnum. Hafi félagið jafnframt með höndum aðra starfsemi samhliða,

þ.m.t. útgerð annarra skipa, verður hagnaður af slíkri starfsemi skattlagður samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga. Í lögnum eru í dæmaskyni talin upp tilvik um notkun kaupskipa sem falla utan tonnaskattlagningar. Má þar nefna undirbúningsrannsóknir, leit og úrvinnslu á kolvetnissamböndum eða öðrum náttúruauðlindum, fiskveiðar og vinnslu afla, byggingu og viðgerð hafna eða annarra mannvirkja, lagningu leiðslna á hafsbotni, jarðefnanám og -vinnslu, köfun, lóðsun og björgun, fræðslu- og uppeldisstarf eða aðra félagslega starfsemi, safnastarfsemi, íþróttar-, skemmti- og tólmundastarf, þ.m.t. hvalaskoðun og farþegasiglingar milli hafna innanlands, sem ekki eru áfangar á leið milli landa. Það leiðir síðan af eðli máls að skip sem lagt hefur verið varanlega telst ekki með skipastól sem nýttur er í kaupskiparekstri samkvæmt lögnum.

Farmflutningur seldur í einu lagi

Undir tonnaskattlagningu fellur farmflutningur sem kaupskipaútgerð selur í einu lagi, þrátt fyrir að óskyldur aðili annist hluta þess flutnings, t.d. farmflutningur með kaupskipi og flutningabifreið. Þetta grundvallast á því að sá hluti farmflutningsins sem keyptur er af öðrum skattleggst í hendi þess aðila. Farmflutningur sem rekstraraðili kaupskipaútgerðar annast í eigin rekstri með öðrum flutningatækjum en kaupskipum fellur utan tonnaskattlagningar. Þessi skipan skattlagningar helgast m.a. af samkeppnis-ástandum. Skipting söluverðs milli rekstrarþátta hjá útgerðaraðila skal miðast við almennt gangverð, þ.e. það verð sem

greitt hefði verið til óskylds aðila vegna farmflutnings sem ekki fer fram með kaupskipum.

Skattstofn

Skattstofn tonnaskatts er hlutlægur og tekur einvörðungu mið af nettótonnafjölda þeirra skipa, sem teljast til kaupskipaútgerðar óháð afkomu. Hafi félag valið tonnaskattlagningu ákvarðast skattstofn fyrir hvern sólarhring sem margfeldi tonnafjölda hvers skips og tilgreindrar krónutölu. Fjárhæðin er hæst á fyrstu 25.000 tonninn eða 30 kr. á hver 100 nettótonn, en lækkar síðan frá og með 25.001 tonni í 10 kr. á hver 100 nettótonn. Skattstofn skal ákvarðaður fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem útgerðin hefur viðkomandi skip í umráðum sínum hvort heldur það er í notkun eða ekki. Frá skattstofninum þannig reiknuðum heimilast enginn frádráttur og er skatt- hlutfallið það sama og í tekjuskatti, þ.e. 18%. Um álagningu og innheimtu gilda ákvæði IX.-XIV. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Blönduð starfsemi

Gerð er krafa um aðgreiningu tekna og gjalda af kaupskipaútgerð annars vegar og annarri starfsemi hins vegar, sé slíkri annarri starfsemi til að dreifa, enda verður tekjuskattstofn af þeirri starfsemi að öðrum kosti ekki rétt leiddur fram. Ef um blandaða starfsemi er að ræða skal skipta vöxtum, afföllum og gengishagnaði milli kaupskipaútgerðar og annarrar starfsemi. Bókfært verð eigna í hvorri starfsemi fyrir sig ræður skiptihlutfallinu. Kostnaður, sem varðar rekstur kaupskipaútgerðar undir tonnaskatti, verður hvorki færður til



frádráttar tekjum, né myndar tap til frádráttar í annarri starfsemi sem útgerð stundar jafnframt kaupskipaútgerð.

Öðrum kostnaði en fjármagnskostnaði, svo sem stjórnunarkostnaði, sem varðar heildartekjuöflun í rekstri félags, sem rekur jöfnum höndum kaupskipaútgerð og aðra starfsemi, skal skipt í réttu hlutfalli við tekjur. Fjármagnskostnaði, þ.e. vaxtagjöldum, afföllum og gengis-tapi, skv. skilgreiningu 49. gr. tekjuskattslaga skal skipt á sama hátt og fjármagnstekjum í réttu hlutfalli við bókfært verð eigna í rekstri kaupskipa og bókfært verð annarra eigna.

Fjármagnstekjur

Skipta skal fjármagnstekjum og fjármagnsgjöldum, sbr. 8. og 49. gr. tekjuskattslaga, milli kaupskipaútgerðar og annarrar starfsemi. Reynist sá hluti fjármagnstekna, sem féll í hlut kaupskipaútgerðarinnar, nema hærri fjárhæð en fjármagnskostnaður samkvæmt fyrrgreindri skiptingu, skal skattleggja mismuninn samkvæmt almennum ákvæðum tekjuskattslaga enda ekki um að ræða beinar tekjur af kaupskipaútgerð heldur afleiddar tekjur. Grannþjóðir okkar hafa í löggjöf sinni sérstök ákvæði af þessum toga til að sporna gegn yfirfjármögnun af skattalegum ástæðum í kaupskipaútgerð undir tonnaskattlagningu.

Rekstrartap

Útgerðarkostnaður er hvorki frádráttarbær í rekstri sem tonnaskattlagningu sætir né í öðrum rekstri. Til að taka af öll tvímæli er í lögnum kveðið á um að tap af kaupskipaútgerð, sem færð hefur verið undir tonnaskattlagningu, heimilist ekki til frádráttar öðrum tekjum, hvorki á meðan sú skattlagning stendur eða eftir að henni lýkur. Hafi félag hins vegar verið rekið með tapi eða önnur þau félög, sem felld eru undir tonnaskattlagningu vegna sameiningar, þá skal því tapi skipt á milli kaupskipaútgerðar og annarrar starfsemi í réttu hlutfalli við bókfært verð þeirra eigna sem nýttar voru í rekstri félagsins í lok síðasta rekstrarárs fyrir upphaf tonnaskattlagningar. Eftirstöðvar rekstrartaps frá því fyrir upphaf tonnaskattlagningar virkjast að nýju verði horfið frá henni síðar, að virtum tímamörkum 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga.

Afskriftir

Tonnaskattlagning kemur í stað tekjuskatts af reglulegri starfsemi kaupskipaútgerðar en ekki í stað skatts af óreglulegum tekjum, þ.m.t. af söluhagnaði varanlegra rekstrarfjármuna. Við ákvörðun söluhagnaðar slíkra fjármuna verður því að taka tillit til verðryrnunar þeirra á þeim tíma sem nýting þeirra féll undir tonnaskattlagningu. Því er í lögnum kveðið á um að árlega skuli reikna afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum í samræmi við ákvæði um fyrningar í tekjuskattslögum og færa þær til lækkunar á stofnverði fjármunanna. Afskriftarhlutfallið skal vera meðaltal afskriftarhlutfalla í hverjum fyrningarflokki fyrir sig skv. 37. gr. tekjuskattslaga.

Söluhagnaður

Söluhagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna í kaupskipaútgerð skal reiknaður með sama hætti og af fyrnanlegum eignum, sbr. 13. gr. tekjuskattslaga. Við þann útreikning skal lagt til grundvallar stofnverð að teknu tilliti til lækkunar vegna reiknaðra fyrninga og niðurfærslu vegna söluhagnaðar annarra eigna. Heimilt er að fresta tekjufærslu söluhagnaðar og færa hann til lækkunar stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna sem keyptir eru á næstu tveimur rekstrarárum. Komi ekki til slíkra kaupa telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því hann myndaðist.

Lögin taka til hagnaðar af sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem frestað hefur verið á síðustu tveimur rekstrarárum fyrir upptöku tonnaskattlagningar.

Milliverðlagsregla

Í lögnum er mælt fyrir um beitingu milliverðlagsreglu (Transfer Pricing) við skiptingu tekna og kostnaðar. Þannig skal við skiptingu tekna og kostnaðar miða verð og viðskiptakjör við það sem almennt gerist í viðskiptum óháðra aðila. Fari útgerð ekki eftir því getur skattstjóri leiðrétt tekjur og kostnað í samræmi við ákvæði 57. gr. tekjuskattslaga.

Bein ríkisaðstoð

Í lögnum er kveðið á um tvenns konar form ríkisaðstoðar við kaupskipaútgerðir. Í fyrsta lagi tonnaskattinn og í öðru lagi er í lögnum kveðið á um beina ríkisaðstoð við kaupskipaútgerð. Aðstoðin er bundin

því skilyrði að kaupskip útgerðarinnar séu skráð á íslenskri alþjóðlegri skipaskrá. Skilyrði skráningar er að útgerðin beri ótakmarkaða skattskyldu hér á landi í skilningi tekjuskattslaga. Ekki er gert að skilyrði fyrir þessari aðstoð að útgerðin velji tonnaskattlagningu í stað almenns tekjuskatts. Lagt er til að aðstoðin felist í beinum fjárframlögum sem svara til 90% af réttilega ákvarðaðri fjárhæð tekjuskatts og útsvars í staðgreiðslu af launum áhafna á viðkomandi kaupskipum, að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafsláttar.

Þau 10% staðgreiðslufjár sem ekki er varið til styrksins skiptast jafnt milli ríkis og sveitarfélaga óháð útsvarsprósentu í hverju og einu sveitarfélagi. Með þessu er, að því er skatt áhafnar varðar, vikið til hliðar reglum um ráðstöfun og skiptingu á greiðslu opinberra gjalda, settum á grundvelli 1. mgr. 32. gr. staðgreiðslulaga, lögum um tekjuskatt og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þá er lagt til að fjármálaráðherra ákveði í reglugerð framkvæmd ríkisaðstoðar.

Eftirlitsstofnun EFTA – ESA

Að lokum má benda á að þar sem með lögnum er kveðið á um ríkisaðstoð við tiltekna atvinnugrein ber með vísan til 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um áformaða ríkisaðstoð. Evrópusambandið hefur tekið afstöðu til styrkja aðildarríkja við kaupskipaútgerð og mótast hún af því að kaupskipum skráðum í skipaskrár Evrópulandanna hafði fækkað svo ört að hrun þótti blasa við í greininni. Það var talið óviðunandi að meirihluti kaupskipaflotans yrði skráður í löndum utan sambandsins og ríki þess háð þjóðum utan álfunnar með flutning. Þá hefur verið bent á að ESB gæti tapað lögsögu um gerð og öryggisbúnað kaupskipa auk þess sem störf og þekking á þessu sviði gætu glatast. Þetta er talið réttlæta ríkisaðstoð og þá aðallega í formi skattahagræðis. Fjármálaráðuneytið hefur þegar leitað eftir afstöðu ESA og er málið nú í vinnslu.

Ingibjörg Helga Helgadóttir

Nýr tvísköttunarsamningur við Bandaríkin

Í október var undirritaður í Washington nýr samningur milli Íslands og Bandaríkja Norður- Ameríku til að koma í veg fyrir tvísköttun. Af hálfu Íslands undirritaði Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, samninginn en fyrir hönd Bandaríkjanna, Robert M. Kimmit, varafjármálaráðherra. Á myndinni má einnig sjá Mariönnu Jónasdóttur en hún er formaður samninganefndar um tvísköttunarmál.

Hinn nýi samningur felur í sér aðlögun að gildandi stefnu ríkjanna í tvísköttunarmálum og breyttu efnahagsumhverfi í alþjóðlegu tilliti.

Helstu breytingar eru þær að tekinn er upp afdráttarskattur á tilteknar tegundir þóknana, lífeyrissjóðir njóta ótvírætt ívilnana hins nýja



samnings og tekið er upp sérstakt takmarkandi ákvæði (Limitations on benefits) en því er ætlað að tryggja að

einungis þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði þeirra ákvæða njóti ívilnana samningsins.

Listi yfir tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert við erlend ríki og birtir hafa verið miðað við 1. janúar 2007

Bandaríkin (1976)

Belgía (2004)

Bretland (1992) - nær
einungis til tekna

Eistland (1996)

Frakkland (1992)

Grænland (2004)

Holland (1998)

Írland (2005)

Kanada (1998)

Kína (1998)

Lettland (1996)

Litháen (2000)

Luxemburg (2004)

Malta (2006)

Norðurlönd (1998)

Danmörk

Finnland

Færeyjar

Noregur

Svíþjóð

Portúgal (2004)

Pólland (2000)

Rússland (2004)

Slóvakía (2004)

Spánn (2004)

Sviss (1990)

Ungverjaland (2006)

Tékkland (2000)

Víetnam (2004)

Þýskaland (1968)

Gildistökuár í sviga

Úrskurðir yfirskattanefndar



**BJARNI AMBÝ
LÁRUSSON**

100/2007

Opinber gjöld - fjármagnstekju- skattur – frádráttur taps – sölu- hagnaður hlutabréfa - lækkun hlutafjár.



Deilt var um þá ákvörðun skattstjóra að tekjufæra lækkun hlutafjár sem arð til hluthafa.

Kærandi hélt því fram að greiðsla til hluthafa hefði verið lægri en innborgað hlutafé og jafnframt að ekki hefði verið um útborgun að ræða heldur tilfærslu á viðskiptareikningi.

YSKN hafnaði fyrri málsástæðu með vísan til 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (TSKL), þar sem fram kemur að lækkun hlutafjár umfram kaupverð skuli teljast til arðs og skattleggjast sem útgreiddur arður til hluthafa. Síðari málsástæðunni var vísað á bug sem haldlausri.

Þá var deilt um þá ákvörðun skattstjóra að hafna frádrætti vegna taps á hlutabréfum á móti söluhagnaði af öðrum hlutabréfum.

Kærandi hélt því fram að hann hefði selt syni sínum hlutabréf í tveimur félögum á 1 krónu í hvoru félagi. Um væri að ræða tvö gjaldþrota félög þar sem leynst gætu nokkur verðmæti. Tapið næmi nokkrum milljónum sem hann skuldfærði á móti hagnaði af sölu hlutabréfa í öðrum félögum.

Skattstjóri rökstuddi niðurstöðu sína bæði með því að um málamyndagering hefði verið að ræða sem og með vísan til 1. mgr. 57. gr. TSKL (óeðlileg viðskipti).

YSKN taldi það annmarka á rökstuðningi skattstjóra að byggja bæði á því að samningur hafi verið gerður til málamynda (pro forma) og jafnframt að um hafi verið að ræða óvenjulegan samning sem félli undir 1. mgr. 57. gr. TSKL. Þó þótti nefndinni ekki ástæða til þess að ómerkja úrskurðinn af þessum sökum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að líta bæri á samning kæranda og sonar hans um sölu hlutabréfanna sem málamyndagering. Horfa bæri framhjá slíkum gerningi í skattalegu tilliti. Í raun væri um afskriftir að ræða vegna gjaldþrots félaganna og því kæmi ekki til frádráttar sölutaps á móti tekjufærslu vegna ráðstöfunar hlutabréfa í öðru félagi. Kröfum kæranda var hafnað.

103/2007

Opinber gjöld - frádráttur á móti ökutækjastyrk og dagpeningum.



Um formkröfu kæranda tók YSKN fram að hún væri sem stjórnvald ekki bær til að taka á lögum skattmatsreglna. Slíkt heyrði undir dómstóla.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að akstur milli tveggja vinnustaða, H.Í. og Bifrastar í þágu Háskólans að Bifröst, gæti ekki talist akstur milli tveggja vinnustaða heldur akstur milli heimilis og vinnu, enda þótt akstur hæfist á aðalvinnustað kæranda, og því alfarið á kostnað launþega. Hugleiðingar og símtöl á leiðinni voru ekki taldar falla undir vinnutíma.

Varðandi frádrátt frá dagpeningum vegna gistingar og fæðis hafnaði nefndin kröfum kæranda um frekari frádrátt en skattstjóri hafði ákvarðað á þeim forsendum að tiltekna ferðir teldust hvorki tilfallandi og uppfylltu ekki skilyrði skattmats um frádrátt frá dagpeningum né hefði verið gerð skilmerkileg grein fyrir tilfundnum fæðiskostnaði í skattskilum kæranda.

117/2007

Heilbrigðisþjónusta, vinna lyfja- fræðinga við mælingar. Niðurfelling álags.



Skattstjóri hækkaði virðisaukaskatt kæranda vegna rekstraráranna 2000-2004 á þeim forsendum að seld þjónusta kæranda vegna rannsóknarvinnu og þjónustu tengdri henni, uppsetningu og skipulagningu mælinga og bókhaldsvinnu, væri ekki undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (VSKL), eins og kærandi hélt fram. Lyfjafraeðingar á vegum kæranda unnu m.a. við mælingar á blóðfitu og blóðsykri í lyfjaverslunum.

YSKN taldi að ritun vísindagreina og almennar vísindalegar rannsóknir, sem heilbrigðisstarfsmaður kann að hafa með höndum í atvinnuskyni, yrði ekki talinn þáttur í eiginlegri heilbrigðisþjónustu, enda ekki um lækningarannsóknir að ræða, sbr. m.a. skilgreiningu á því hugtaki í 48. gr. rgl. nr. 160/1982. Samkvæmt orðalagi sínu tæki undanþáguákvæði 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. VSKL ekki til starfa heilbrigðisstarfsmanna almennt, þ.e. þeirra starfa þeirra sem ekki verða felld undir eiginlega heilbrigðisþjónustu, enda þótt um störf á fræðasviði viðkomandi aðila væri að ræða. Orðrétt kemur fram í úrskurði nefndarinnar: „Ritun vísindagreina og almennar vísindalegar rannsóknir, sem heilbrigðisstarfsmaður kann að hafa með höndum í atvinnuskyni, verður ekki talinn þáttur í eiginlegri heilbrigðisþjónustu, enda ekki um lækningarannsóknir að ræða, og verður því ekki fallist á það með kæranda að greint undanþáguákvæði taki til umræddrar sölu kæranda á rétti til birtingar vísindalegrar rannsóknar.“ Hvað mælingarnar varðar þá var það mat nefndarinnar að kærandi hafi ekki innt af hendi sambærilega þjónustu og viðskiptavinir

hans, þar á meðal lyfjaverslanir, heldur hafi þessir aðilar keypt ákveðna þjónustu af kæranda, m.a. við undirbúning greindr- ar starfsemi. YSKN hafnaði aðalkröfu kær- anda en tók til greina varakröfu hans um niðurfellingu álags.

122/2007

Opinber gjöld - frádráttur á móti ökutækjastyrk.



Kærufnið var frádráttur í formi fastra afskrifta á móti ökutækja- styrk fyrir tvær bifreiðar, en skattstjóri hafði fellt niður frádrátt- inn á aðra bifreiðina.

YSKN benti á að í matsreglum fjármála- ráðherra um skattmat vegna frádráttar á móti ökutækjastyrk segir m.a. orðrétt „...- þ.m.t. árlegri afskrift mest einnar bifreið- ar...“. Væri þetta breyting frá reglum fyrir ára, þar sem enga slíka reglu var að finna. Vegna þessa fortakslausa ákvæðis í mats- reglum fjármálaráðherra fyrir árið 2005 varð að hafna kröfum kæranda.

134/2007

Félagasamtök/sjúkrastofnun. Virðisaukaskattur - endurgreiðsla til opinberra aðila.



Félagasamtök sem reka sjúkra- stofnun kröfðust þess að fá end- urgreiðdan VSK vegna kaupa á þjónustu vegna sorphreinsunar, snjómoksturs, hálkueyðingar og þjónustu sérfræðinga á árunum 2000-2004. Af hálfu kæranda kom m.a. fram að hann ræki sjúkrastofnun sem félli undir lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að sú starfsemi byggðist á þjónustusamningi við heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið. Einnig að tekjur frá hinu opinbera stæðu undir 94% af rekstrarkostnaði. Einnig vitnaði kærandi til úrskurðar YSKN nr. 319/1997 máli sínu til stuðnings. Skatt- stjóri synjaði kröfunni á þeim forsendum að félagasamtökin féllu ekki undir 3. mgr. 42. gr. VSKL en endurgreiðsluheimild skv. ákvæðinu væri bundin við ríki, sveitarfé- lög og stofnanir þeirra. Í félagslögum sam- takanna væri kveðið á um að öll stjórnun og allar mannaráðningar væru fram- kvæmdar á vegum samtakanna og væri vafalaust að hvorki lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, né lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, tækju til starfsmanna kæranda. Einnig væri ljóst að kærandi afl-

aði talsverðra tekna sem væru óháðar greiðslum ríkissjóðs. Auk þess vísaði skatt- stjóri til þess að samkvæmt félagslögum þá skyldu eignir kæranda afhentar öðru félagi sem ynni að sama megintilgangi og kær- andi. Þá yrði ekki talið að eftirlit land- læknis og ríkisendurskoðunar með starf- semi kæranda gæti leitt til þess að hann teldist ríkisstofnun. Þá vísaði skattstjóri á bug tilvitnun samtakanna í úrskurð YSKN nr. 319/1997 en sá úrskurður fjallaði um sjálfseignarstofnun þar sem stofnkostn- aður var að langmestu leyti opinbert fé ásamt því sem að sú stofnun var á föstum fjárlögum frá ríkinu. Hins vegar taldi skatt- stjóri að úrskurðir nefndarinnar nr. 274 og 343/2007 styddu ákvörðun hans. YSKN hafnaði kröfum kæranda.

157/2007

Ehf. Virðisaukaskattur - leiðrétt- ing innskatts, breyting á forsend- um fyrir frádrætti innskatts.



Skattstjóri lækkaði fenginn inn- skatt vegna framkvæmda við fasteign kæranda á árunum 1994-1999. Forsendur voru þær að kærandi hefði hætt virðisaukaskattsskyldri starfsemi í greindu húsnæði félagsins í árslok 2001 og bæri því að leiðrétta áður fenginn innskatt. Kærandi hélt því hins vegar fram að hann hafi notað húsnæðið í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og hygðist gera það áfram.

YSKN vísaði m.a. til bréfs RSK frá 15. nóv. 2001 (tilv. G-Ákv. 989/01) en á því var byggt í úrskurði nefndarinnar nr. 312/2006 en þar er fjallað um leiðrétt- ingu á innskattsfrádrætti vegna breytinga á notkun eignar. Taldi YSKN að málið ylti á því hvort sú staðreynd að kærandi hætti rekstri kaffihúss í húsnæðinu í árslok 2001 og notaði það ekki vegna virðisaukaskatts- skylds rekstrar, a.m.k. um hríð eftir það, ætti án annarra breytinga á notkun húsnæðisins að leiða til leiðréttingar inn- skatts í samræmi við ákvæði þar um. Orð- rétt kemur fram í úrskurði nefndarinnar: „Orðalag 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 192/1993 er ekki ótvírætt um skyldu til leiðréttingar innskatts við þessar aðstæð- ur og nauðsyn leiðréttingar liggur ekki í augum uppi miðað við tilgang þeirra reglna sem hér um ræðir, frekar en ef atvinnuhúsnæði er rífið eða verður ónot- hæft. Að þessu virtu og með vísan til skatt- framkvæmdar sem gerð er grein fyrir í

ákvörðandi bréfi ríkisskattstjóra, auðkennt G-Ákv. 01-989, dags. 15. nóvember 2001, sem byggt var á í úrskurði yfirskattanefnd- ar nr. 312/2006, þykir skattstjóri ekki hafa skotið nægum stöðum undir hina kærðu ákvörðun sína varðandi leiðréttingu inn- skatts“. Fallist var á kröfu kæranda í mál- inu.

188/2007

Opinber gjöld - afleiðusamningar - frádráttarheimildir vegna taps.



Skattstjóri felldi niður frádráttar- fjárhæð í reit 523 í skattframtali 2005, þ.e. mótreikning vegna tapaðra fjármagnstekna, sbr. eyðublað þar að lútandi (RSK 3.16). Um var að ræða tap skv. skiptasamningum við KB banka hf. Í skattskilum kæranda var gerð grein fyrir innlausn níu skipta- samninga, sbr. RSK 3.15, tap hefði orðið af einum þeirra. Skattstjóri taldi að um afleiðuviðskipti hefði verið að ræða. Ekki væri litið á viðskipti kæranda með afleiðu- samninga sem kaup og sölu á hlutabréf- um, enda hefði gengi hlutabréfa einung- is verið notað sem viðmið við uppgjör samninganna án þess að kærundur hefðu eignast viðkomandi hlutabréf. Því hefði verið um að ræða gengishækkun peninga- legra eigna sem væri skattskyld á grund- velli 3. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr., TSKL. Engar frádráttarheimildir væru fyrir hendi, sbr. ákvæði 3. mgr. 2. tölul. B- liðar 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 30. gr. TSKL. YSKN staðfesti úrskurð skattstjóra.



Mikilvægt að varðveita tengslin

RSK á góðri stundu með heldri starfsmönnum

Nokkrir fyrrum starfsmenn ríkisskattstjóra sem nú eru komnir á eftirlaun heimsóttu sinn gamla vinnustað um miðjan september sl. Á móti þeim tóku samstarfsmenn þeirra frá embættinu sem starfa þar enn. Öll átta þau það sameiginlegt að hafa starfað saman síðastliðinn aldarfjórðung, meira eða minna og allir verið í starfi hjá RSK frá fyrri hluta níunda áratugar síðustu aldar.

Þau Hörður Halldórsson, Vigfús Hjartarson, Kristján Össur Jónasson, Ásdís Andrésdóttir, Kristján Aðalbjörnsson, Erla

Björgvinsdóttir og Friðleifur Jóhannsson hafa öll látið af störfum og farið á eftirlaun á síðustu 3 -7 árum eftir að hafa starfað áratugum saman hjá embættinu. Samanlagður starfsaldur þeirra hjá embættinu var nær 200 ár. Öll komu þau til starfa þegar starfsmannafjöldi var á milli 10 og 20 manns og verkefni embættisins minni í sniðum en síðar varð.

Það mun verða þáttur í nýrri mannaútsafnu RSK sem nú er í mótun, að rækta samband við þá starfsmenn sem látið hafa af störfum vegna aldurs, m.a.

með því að kalla þá reglulega til þátttöku í félagslífi starfsmanna og til að leitast við að þeir geti haldið sambandi við sinn fyrrverandi vinnustað.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þau Hörð, Vigfús, Kristján Össur, Kristján A., Ásdís, Erlu og Friðleif í félagsskap þeirra Grétars Kristinssonar, Ingibjargar Erlendsdóttur, Hrefnu Einarsdóttur, Jóns Guðmundssonar og Skúla Eggerts Þórðarsonar sem öll störfuðu saman fyrir hartnær aldarfjórðungi.



Hafdís M. Einarsdóttir ritari ríkisskattstjóra á milli þeirra Vigfúsar Hjartarsonar og Friðleifs Jóhannssonar. Vigfús átti sjötugsafmæli þennan dag.



Þeir Kristján Össur Jónasson f.v.skrifstofustjóri og Hörður Halldórsson f.v. deildarstjóri söluskattsdeildar voru ánægðir með að vera komnir á gamlar slóðir.



Dómur Evrópudómstólsins í máli OY AA

Það er gömul saga og ný að Rómarsamningurinn hafi ekki átt að taka til beinna skatta. Engu að síður hefur Evrópudómstóllinn ítrekað kveðið upp dóma sem hafa haft áhrif á skattlagningarreglur aðildarríkjanna. Í þeim dómum sem kveðnir hafa verið upp hefur dómstóllinn ekki viljað taka undir röksemdir aðildarríkjanna sem lúta að því að um nauðsynlegar ráðstafanir sé að ræða til að ná lögmætum markmiðum líkt og að koma í veg fyrir skattsvik og/eða skattasniðgöngu.

Nefna má dóm í máli Marks & Spencer nr. C-446/03 en í því máli neituðu bresk skattyfirvöld verslunarkeðjunni Marks & Spencer um að nýta tap dótturfélaga sem voru heimilisföst utan Bretlands þar sem hætta væri á að tap dótturfélags væri nýtt tvisvar sinnum, þ.e. í heimilisfestarríki dótturfélagsins og svo aftur í Bretlandi, heimilisfestarríki móðurfélagsins. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að neita móðurfélagi um að nýta tap dótturfélags ef sannað væri að ekki væri unnt að nýta tapið í heimilisfestarríki dótturfélagsins. Hingað til hefur þessi dómur verið aðalfordæmið hvað varðar heimildir til nýtingar taps á milli ríkja hjá dóttur- og móðurfélögum. Í júlímánuði síðastliðnum kvað Evrópudómstóllinn upp dóm í máli finnska fyrirtæk-

isins OY AA. Málavextir eru þeir að í finnskum lögum er að finna ákvæði sem heimila félagi að millifæra fjárhæðir til annars félags innan sömu samstæðu. Félagið sem millifærir hefur heimild til að draga fjárhæðina frá sínum tekjum og félagið sem tekur á móti fjárhæðinni skal greiða skatt af henni líkt og um venjulegar rekstrartekjur sé að ræða. Skilyrði er að móðurfélag eigi 90% af hlutfé dótturfélagsins og að móttakandi framlagsins sé heimilisfastur í Finnlandi. Þó svo að það sé ekki sett sem skilyrði að um rekstrartap sé að ræða hjá þeim sem móttækur framlagið þá er þessi heimild aðallega notuð til að jafna tap innan samstæðu.

Í máli OY AA voru öll skilyrði laganna fyrir hendi fyrir utan heimilisfestarskilyrðið. AA Ltd. með heimilisfesti í Bretlandi er eini hluthafinn í OY AA í gegnum tvö dótturfélög. AA Ltd. var rekið með tapi á rekstrarárinu 2003 og fyrirséð að sá taprekstur myndi halda áfram 2004 og 2005. Þar sem rekstur AA Ltd. var mikilvægur OY AA var ákveðið að OY AA myndi greiða fjármuni til AA Ltd. sbr. ofangreindar heimildir í finnskum lögum. Finnsk skattyfirvöld synjuðu OY AA um frádrátt vegna umræddrar millifærslu á þeirri forsendu að móttakandinn væri félag sem ekki væri með heimilisfesti í Finnlandi. OY AA höfðaði að svo búnu mál gegn finnskum yfirvöldum og fóru finnskir dómstólar fram á ráðgefandi álit

frá Evrópudómstólnum. Spurt var hvort ofangreind ákvæði í finnskum lögum brytu gegn ákvæðum 43 gr. (stofnfesturétturinn) Rómarsamningsins og/eða gegn 56 gr. (frjálst flæði fjármagns).

Evrópudómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að heimilisfestarskilyrði finnsku lagaákvæðanna fælu í sér hindrun á stofnfesturéttinum. Engu að síður væri þessi hindrun réttlætanleg þar sem tilgangurinn væri að koma í veg fyrir skattasniðgöngu og standa vörð um skiptingu skattlagningarvalds milli ríkja. Þá kemur fram í dómnum að ef fallist yrði á sjónarmið OY AA myndu fyrirtækjasamstæður hafa frjálst val um það í hvaða ríki hagnaður samstæðunnar kæmi til skattlagningar og þar með væri unnt að velja það ríki sem hefði hagstæðasta skatthlutfall hverju sinni. Það myndi svo aftur skaða rétt aðildarríkjanna til að skattleggja hagnað sem myndast á yfirráðasvæði þeirra

Þessi niðurstaða dómsins er fróðleg ekki hvað síst þegar litið er til þess að aðildarríkin hafa átt á brattann að sækja í málum sem varða beina skatta fyrir dómstólnum. Sú spurning vaknar hvort dómstóllinn sé að bregða út af þeirri braut sem hann hefur hingað til verið á. Er hér komið nýtt dómafordæmi um heimildir til að nýta tap á milli ríkja?

Guðrún Jenný Jónsdóttir

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2007

■ Skatthlutfall staðgreiðslu	35,72%
■ Tekjuskattur	22,75%
■ Útsvar	12,97%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára.....	
af launum umfram kr. 100.745	6,00%
■ Af vöxtum og arði	10,00%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2007	kr. 1.080.067

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2007

■ í einn mánuð	kr. 32.150
■ í hálfan mánuð.....	kr. 16.075
■ í 14 daga	kr. 14.798
■ í eina viku	kr. 7.399
■ Sjómannaafláttur á dag	kr. 834

Hámark barnabóta 2007 miðað við heilt ár

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 139.647
- með börnum umfram eitt	kr. 166.226
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 56.096
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 232.591
- með börnum umfram eitt.....	kr. 238.592
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 56.096

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald.....	5,34%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómannanna	0,65%

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2007

Kílómetragjald, gildir frá 1. 10. 2007

■ Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:.....	kr. 71,50
--	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólsbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2007

Gildir frá 1. 10. 2007

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	kr. 15.300
■ Fyrir gistingu í eina nótt	kr. 9.300
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	kr. 6.000
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	kr. 3.000

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2007

Gildir frá 1. 6. 2007

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	189	126	121	81
■ Flokkur 2	SDR	161	107	103	68
■ Flokkur 3	SDR	142	95	91	61
■ Flokkur 4	SDR	126	84	81	54

Virðisaukaskattur

■ Almennt skattþrep	24,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI